FRÉTTABLAÐIÐ

86. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 13. APRÍL 2016

# Lífeyrissjóðir stofni kjararáð til að takmarka launahækkanir

**Formaður Samtaka sparifjáreigenda telur rétt að kjararáð haldi aftur af launahækkunum til stjórnenda. Vafi um að samkeppnisyfirvöld samþykki.**

**VIÐSKIPTI** Bolli Héðinsson, hagfræðingur og formaður Samtaka sparifjáreigenda, telur að lífeyrissjóðir ættu að koma á fót sjálfstæðu kjararáði til að koma í veg fyrir of háar launagreiðslur til stjórnenda fyrirtækja í þeirra eigu.

Bolli segir að lífeyrissjóðir ættu að notfæra sér það afl sem þeir hafi sameiginlega til að reyna að hindra launaskrið.

„Í stað þess að búa við stöðugar hótanir stjórnenda um að þeir fari eitthvert annað, fái þeir ekki þau laun og kaupauka sem þeir krefjist,“ segir Bolli.

Íslenskir lífeyrissjóðir áttu í nóvember að meðaltali með beinum hætti 38 prósent af skráðum félögum í Kauphöll Íslands.

Laun forstjóra Kauphallarfélaganna hækkuðu að meðaltali um 13,3 prósent á milli ára en meðalárshækkun launavísitölu Hagstofu Íslands var 7,2 prósent árið 2015.

Bolli vill að kjararáðið verði sjálfstætt nefnd sem úrskurði um laun stjórnenda fyrirtækja í eigu lífeyrissjóða.

„Kjararáð lífeyrissjóðanna myndi setja saman launatöflur fyrir stjórnendur og skipa þeim, hvort sem er í bönkum eða öðrum fyrirtækjum lífeyrissjóðanna, viðeigandi stað í launatöflum sem kjararáðið setur.“

Hann segist ekki hafa áhyggjur af því að íslenskir stjórnendur leiti úr landi. „Ég veit að það er engin eftirspurn eftir íslenskum stjórnendum í útlöndum, nema manni og manni,“ segir hann.

Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, stærsta lífeyrissjóðs landsins, segir hugmyndina nýja og skoðunarverða.

„Hún gengur hins vegar út á víðtækara samstarf milli lífeyrissjóða en er til staðar því hver og einn lífeyrissjóður kemur fram sem sjálfstæður fjárfestir. „Ég hef ákveðnar efasemdir um að markaðurinn og samkeppnisyfirvöld myndu heimila þetta víðtæka samstarf lífeyrissjóðanna,“ segir hann.

Haukur segir hluthafastefnuna sem LSR hafi samþykkt ganga út frá því að launakjör stjórnenda þeirra fyrirtækja sem lífeyrissjóðurinn eigi hlut í séu hófleg en í takti við það sem tíðkist hjá sambærilegum fyrirtækjum.

Bolli telur hins vegar ekki að samkeppnisyfirvöld muni setja sig upp á móti fyrirkomulaginu. Samtök atvinnulífsins reki til að mynda samræmda kjarastefnu.

– ih / sjá Markaðinn

> Ég veit að það er engin eftirspurn eftir íslenskum stjórnendum í útlöndum, nema manni og manni.



Bolli Héðinsson, hagfræðingur og formaður Samtaka sparifjáreigenda



**Herinn kominn aftur** Bandaríski flugherinn æfði viðbragðsáætlun Atlantshafsbandalagsins hér á landi í gær en hann sinnir nú loftrýmisgæslu yfir landinu með um 150 liðsmenn flughersins og fjórar herþotur. MYND/STÖÐ 2

## Spila á stærstu þungarokkshátíð í heimi

**LÍFIÐ** Þungarokkssveitin Auðn sigraði í keppninni Wacken Metal Battle á föstudaginn og vann sér þar með rétt til að spila á Wacken Open Air hátíðinni, stærstu tónlistarhátíð sinnar tegundar í heiminum, sem verður haldin í Þýskalandi í ágúst. Fréttablaðið ræddi við Aðalstein Magnússon, gítarleikara sveitarinnar, sem er hæstánægður með sigurinn og sér fram á risatækifæri til að ná lengra í tónlistarbransanum.



– sþh / sjá síðu 30

## Fréttablaðið í dag

**MARKAÐURINN** Eftir erfiðleika á árunum 2010 til 2014 er nýsköpunarfyrirtækið Dohop í sóknarhug, segir Davíð Gunnarsson.

**SKOÐUN** Tryggvi Gíslason vill að nám í lýðræðislegri hugsun verði skyldunám. 14

**SPORT** Ísland er í góðri stöðu í undankeppni EM 2017. 16

**MENNING** Hugskot er bók fyrir þá sem vilja taka þátt í baráttunni fyrir betra samfélagi. 22

**LÍFIÐ** Muna ekki allir eftir Brjáni úr Sódómu Reykjavík? 28

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**



*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015









## Veður




**Í dag** er gert ráð fyrir suðvestanátt, víða 3-8, en 8-15 norðvestan til á landinu. Léttskýjað á Norðaustur- og Austurlandi, annars skýjað og þurrt að kalla, þó gætu nokkrir dropa fallið í kvöld. Hiti 4 til 10 stig að deginum.

SJÁ SÍÐU 20

# Háskóli Íslands upp um fimmtíu sæti

**MENNTAMÁL** Háskóli Íslands færðist í gær upp um fimmtíu sæti á matslista Times Higher Education á bestu háskólum heims eftir að villa við útreikninga uppgötvaðist. Upphaflega var Háskólinn í kringum 270. sæti en er nú í 222. sæti. Skólinn er í þrettánda sæti yfir bestu háskóla Norðurlanda. Háskólinn hefur verið á listanum frá aldarafmæli hans árið 2011.

**Niðurstaðan er mikil viðurkenning fyrir alla þá sem starfa hér og nema.**



Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands

Jón Atli Benediktsson, rektor háskólans, greindi stafsmönnum frá tíðindunum um hádegisbil í gær. Hann sagði gríðarlega viðurkenningu á starfi starfsfólks og stúdenta felast í niðurstöðunni.

„Niðurstaðan er mikil viðurkenning fyrir alla þá sem starfa hér og nema. Þá má ekki gleyma einkar öflugum samstarfsaðilum innan lands og utan sem gera hann enn betri,“ sagði Jón Atli og benti á að niðurstaðan væri mikilvæg fyrir orðspor Íslands og íslenskra háskóla.

Við mat á stöðu háskóla á listanum er horft til margra þátta í starfsemi þeirra, þar á meðal rannsóknarstarfs, áhrifa á alþjóðlegum vettvangi, kennslu og námsumhverfis. **– þea**

**» Háskóli Íslands er í 222. sæti yfir bestu háskóla heims.**

## Klappað og klárt



**Starfsmenn Sorpu brugðu sér út fyrir girðinguna á starfsstöðinni við Elliðavog í gær og létu hendur standa fram úr ermum við tiltekt. Talsvert magn af plastpokum og öðru rusli berst gjarnan frá stöðinni á útivistarsvæðið þar við fjöruna eins og fram kom í blaðinu í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Níu tilnefndir í bankaráð Landsbankans

**VIÐSKIPTI** Sjö aðalmenn og tveir varamenn voru tilnefndir í kosningu til bankaráðs fyrir aðalfund Landsbankans í gær. Aðalfundurinn fer fram á morgun.

Þau Berglind Svavarsdóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Danielle Pamela Neben, Helga Björk Eiríksdóttir, Hersir Sigurgeirsson, Jón Guðmann Pétursson og Magnús Pétursson voru tilnefnd sem aðalmenn. Þá voru Ásbjörg Kristinsdóttir og Einar Þór Bjarnason tilnefnd sem varamenn. Lagt er til að Helga Björk verði formaður bankaráðs.

Í mars tilkynntu fráfarandi bankaráðsmennirnir Tryggvi Pálsson, Eva Sóley Guðbjörnsdóttir, Jón Sigurðsson, Kristján Davíðsson og Jóhann Hjartarson að þau myndu ekki sækjast eftir endurkjöri vegna afskipta Bankasýslu ríkisins af starfsháttum bankans. **– þea, sg**

# Sturla óttast um þrjú þúsund undirskriftir

**Sturla Jónsson er ósáttur við að yfirvöld neiti að taka við meðmælendalistum hans að svo stöddu. Formaður kjörstjórnar segi það geta orðið eftir tíu daga. Sturla segir alls kyns óhöpp geta orðið með undirskriftirnar í millitíðinni.**

**STJÓRNMÁL** „Maður á að eiga rétt á að koma þessu frá sér og fengið staðfest að maður sé búinn að þessu,“ segir Sturla Jónsson vörubílstjóri sem safnað hefur tilskildum fjölda meðmælenda vegna forsetaframboðs en fær engan til að taka við listanum.

Sturla lauk við að safna undirskriftum í mars. Hann segir innanríkisráðuneytið hafa vísað honum með meðmælendalistann til kjörstjórnar sem eigi að yfirfara nöfnin. Hann hafi nú í vikunni rætt við formann kjörstjórnar í sínu kjördæmi, Reykjavík norður, sem ekki hafi viljað veita listanum viðtöku að svo stöddu en sagt það hugsanlega geta orðið eftir tíu daga. Það yrði þá auglýst sérstaklega.

Fréttablaðið náði ekki tal af Erlu S. Árnadóttur, formanni yfirkjörstjórnar Reykjavíkurkjördæmis norður, í gær.

„Það er getið um tímamörk hvenær maður má í seinasta lagi skila þessu en það er ekki getið um tímamörk varðandi hversu snemma má skila,“ segir Sturla sem kveður þetta slæmt því samkvæmt stjórnarskrá séu menn ekki í framboði fyrr en gögnunum hefur verið skilað inn.

„Það er ekki það að ég sé með einhverja paranoju en við vitum að það gerist ýmislegt. Hlutir geta týnst eða skemmst. Eldsvoði gerir ekki boð á undan sér, vatnstjón gerir ekki boð á undan sér og það gera innbrot ekki heldur,“ nefnir Sturla sem dæmi um hvað gæti komið fyrir meðmælendalistann.

Sturla segist hafa safnað undirskriftunum með því að fara einn í kringum landið og varið til þess 21 degi. „Ég var einfaldlega auðmjúkur og snortinn því það skrifuðu að jafnaði 140 manns á dag undir hjá mér. Ég átti aldrei von á þessu,“ segir frambjóðandinn sem safnaði alls 3.000 undirskriftum.

Að lágmarki er krafist 1.500 undirskrifta en Sturla vildi hafa vaðið fyrir neðan sig og safnaði hámarksfjölda meðmælenda ef einhverju kynni að vera áfátt við einhver nöfn.

gar@frettabladid.is




**Sturla Jónsson vill koma meðmælendalistanum í öruggar hendur. Kjörstjórn er hins vegar ekki reiðubúin til að taka á móti honum strax.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**Ég var einfaldlega auðmjúkur og snortinn því það skrifuðu að jafnaði 140 manns á dag undir hjá mér.**

Sturla Jónsson forsetaframbjóðandi

BUMBAN BURT!
Prógastró, öflugi asídófílusinn, getur hjálpað þér!




Fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum verslana.



GERÐU HEIMILIÐ KLÁRT.
Ljósleiðari hjá Nova!
Ljósleiðari hjá Nova er fyrir þá sem vilja öfluga háhraða tengingu inn á nútímaheimilið. Einfaldaðu þér lífið, slepptu heimasímanum og sjónvarpsboxinu og horfðu á sjónvarpið yfir netið.
Ljósleiðaraþjónusta Nova styður 500 Mb/s kerfishraða.
Gerðu verðsamanburð og þú gætir lækkað netreikninginn í einni svipan.
100GB
Netið hjá Nova 3.990 kr.
Gagnaveitan, aðgangsgjald 2.580 kr.
Leiga á beini 690 kr.
Samtals: 7.260 kr.
Hver 100GB umfram: 990 kr.
1.000GB
Netið hjá Nova 5.990 kr.
Gagnaveitan, aðgangsgjald 2.580 kr.
Leiga á beini 690 kr.
Samtals: 9.260 kr.
Hver 100GB umfram: 990 kr.
Stærsti skemmtistaður í heimi!
Skráðu þig í Ljósleiðara hjá Nova á nova.is í þjónustuveri Nova eða í næstu Nova verslun.
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | Facebook | Twitter
NOVA

# Rannsóknin á fjárkúgunarmáli systranna dregst á langinn

**SAKAMÁL** Rannsókn á meintri fjárkúgun systranna Malínar Brand og Hlínar Einarsdóttur á hendur Helga Jean Claessen er enn á borði rannsóknarlögreglu og mun líklega verða í nokkrar vikur til viðbótar.

Runólfur Þórhallsson, yfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, segir það vera vegna þess að síma- og tölvugögn hafi reynst mun umfangsmeiri yfirferðar en reiknað var með.

Héraðssaksóknari mun bíða með að gefa út ákæru á hendur systrunum fyrir fjárkúgun á hendur Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni, fyrrverandi forsætisráðherra, þar til rannsókn þessari er lokið. Meginreglan er að afgreiða öll mál á sama sakborning saman og er það sérstaklega mikilvægt ef gefin er út ákæra.

Rannsókn lögreglu á tilraun systranna til að kúga fé út úr Sigmundi Davíð lauk í október síðastliðnum og var málið þá sent til ríkissaksóknara. Um áramótin færðist málið til héraðssaksóknara þegar lögum um meðferð sakamála var breytt.

Það var í fyrravor sem systurnar sendu bréf á heimili forsætisráðherra þar sem þær höfðu í hótunum og kröfðust peninga. Þær voru handteknar í júní þegar þær hugðust sækja féð. Nokkrum dögum síðar kærði Helgi Jean, sem er fyrrverandi samstarfsmaður Hlínar, þær systur fyrir fjárkúgun en þær sökuðu hann um kynferðisbrot. – kbg



**Systurnar bíða málalykta vegna tilraunar til að kúga fé úr fyrrverandi forsætisráðherra.**

# Áhyggjur af fjármögnun heilsugæslu

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það eru vonbrigði að það er ekki gert ráð fyrir viðbótarfjármagni í heilsugæsluna,“ segir Þorbjörn Jónsson, formaður Læknafélags Íslands.

Stjórn Læknafélagsins sendi frá sér yfirlýsingu í gær og lýsti áhyggjum af fjármögnun heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu. Útboðsgögn fyrir rekstur þriggja nýrra heilsugæslustöðva voru kynnt á föstudaginn hjá Sjúkratryggingum Íslands. „Markmiðið er að bæta þjónustu við íbúa á höfuðborgarsvæðinu. Það gerist ekki með því að dreifa krónunum á fleiri staði.“

Þorbjörn segir rekstur heilsugæslunnar nú þegar undirfjármagnaða og segir stjórn Læknafélagsins skora á stjórnvöld að bæta úr og auka fjármagnið. „Það væri dapurlegt ef fáir eða engir treysta sér til þess að standa að rekstri stöðvanna af raunverulegum áhuga. Hugmyndin þarf að vera fullútfærð því það er stefnt að því að afgreiða þessi mál tiltölulega fljótt, eða fyrir lok maí.“ – kbg

> **Markmiðið er að bæta þjónustu við íbúa á höfuðborgarsvæðinu. Það gerist ekki með því að dreifa krónunum á fleiri staði.**

Þorbjörn Jónsson, formaður Læknafélags



**LEIÐRÉTT**

*Rangt var farið með nafn upplýsingafulltrúa Isavia ohf. í frétt á síðu 4 í gær. Hann heitir Guðni Sigurðsson.*

# Ekki samstaða um griðareglur

**Starfshópur kynnti í mars í fyrra drög að frumvarpi um refsileysi fyrir þá sem koma fram úr skattaskjólum. Frumvarpið hefur enn ekki verið lagt fram. Fjármálaráðherra lagði í hendur nefndar hvort flytja ætti málið.**

**SKATTUR** Frumvarp þess efnis að þeim sem sjálfviljugir gefa upp vantaldar tekjur eða eignir sem geymdar eru í skattaskjólum verði ekki refsað vegna brota á skattalögum hefur enn ekki verið lagt fram rúmu ári eftir að starfshópur kynnti drög að frumvarpinu. Það er heldur ekki á þingmálaskrá.

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra skipaði starfshóp um gerð griðareglna og úttekt á úrræðum skattyfirvalda til að sporna gegn skattsvikum. Þetta gerði hann í desember 2014 í kjölfar erindis sem barst skattrannsóknarstjóra vegna tilboðs um kaup á upplýsingum um félög sem skráð eru í þekktum skattaskjólum. Starfshópurinn skilaði skýrslu og kynnti drögin að frumvarpinu þann 6. mars í fyrra.

Frosti Sigurjónsson, formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, segir að fjármálaráðherra hafi lagt það í hendur nefndarinnar hvort hún vildi flytja málið. „Fjármálaráðherra ætlaði ekki að flytja málið sjálfur og vildi að það yrði samstaða um það. Þetta yrði mjög viðkvæmt pólitískt mál. Menn gætu gagnrýnt það ef hlífa ætti einhverjum. Menn myndu strax hoppa á þann vagn að ráðast á ráðherrann fyrir að gera það.“

Frosti kveðst hafa beðið fulltrúa í nefndinni að tjá sig um hvað þeir vildu gera. „Tveir eða þrír í minnihlutanum óskuðu eftir að fá að ræða við þingflokka sína. Það kom ekkert til baka út úr því. Málið var rifjað upp um daginn. Enn voru menn ekki vissir hvað þeir vildu gera. Mér finnst ekki sterk skoðun í nefndinni með eða á móti. Þetta hefur kosti og galla.“

Hann getur þess að hann hafi haft samband við skattrannsóknarstjóra vegna málsins. „Þau eru sannfærð um að það væri fengur fyrir ríkissjóð að geta boðið upp á kerfi sem felur í sér að menn sjái sér hag í því að koma fram. Þeir myndu ekki sleppa við að borga skatta með álögum en refsingin yrði hugsanlega engin. Það verður að horfast í augu við það að það er kannski ekki geta hjá skattrannsóknarstjóra til að rannsaka alltaf öll mál til hlítar. Mögulega kæmu einhverjir fram sjálfviljugir sem ekki hefðu náðst annars.“

Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, segir það rök með málinu að árangur hafi náðst með griðareglum á Norðurlöndunum. „Mér hefði hins vegar þótt eðlilegt að skoða málið heildstætt. Það hefði verið erfitt fyrir nefndina að taka pólitíska ábyrgð á þessum anga þegar við vitum að mikil þörf er á að efla starfsemi ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra og skoða hvernig við getum bætt skatteftirlit í daglegri framkvæmd.“ ibs@frettabladid.is



**Fjöldi skattaskjólsmála hefur tengst Lúxemborg.**

> **Fjármálaráðherra ætlaði ekki að flytja málið sjálfur og vildi að það yrði samstaða um það. Þetta yrði mjög viðkvæmt pólitískt mál.**

Frosti Sigurjónsson, formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis



> **Það hefði verið erfitt fyrir nefndina að taka pólitíska ábyrgð á þessum anga þegar við vitum að mikil þörf er á að efla starfsemi ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra.**

Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna








# Árið 2015 var erfitt ár fyrir lúxusmerki

**VIÐSKIPTI** Tekjur ítalska lúxusmerkisins Prada drógust saman um 26,6 prósent á síðasta ári samkvæmt nýjum tölum.

Asíubúar, sér í lagi Kínverjar, eru gríðarlega mikilvægur viðskiptahópur lúxusvörumarkaðarins. Þriðjungur af sölu Prada á heimsvísu á sér stað í Asíu. Hlutabréf í Prada hafa lækkað um 42 prósent á síðustu tólf mánuðum, að því er talið er vegna erfiðra efnahagsskilyrða í Kína.

Sala dróst einnig saman á síðasta ári hjá til að mynda Louis Vuitton, Burberry og Hugo Boss.

Í lok síðasta árs spáði ráðgjafarfyrirtækið Bain & Co. því að vöxtur á lúxusvörumarkaði myndi vera sá minnsti árið 2015 frá 2009. Hlutabréfamarkaðir í Kína hrundu í ágúst í fyrra og varð svipuð niðursveifla í byrjun árs 2016. Mikil óvissa hefur einkennt asíska markaði í framhaldi af því. Tekjuvöxtur hjá lúxusvörufyrirtækjum gæti því einnig orðið lítill á þessu ári. – sg



**Hlutabréf í Prada hafa lækkað um 42 prósent á síðustu tólf mánuðum.** FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

# BÍLADEKURDAGAR

**Sértilboð á smurþjónustu hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota til 30. apríl.**




## 20% afsláttur

Sértilboð á olíum, síum, þurrkublöðum, bílaperum, rúðuvökva, frostlegi og fleiru.*

## 15% afsláttur

af vinnu við smurningu hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota.

## Engin vandamál - bara lausnir.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Toyota Kauptúni | Kauptúni 6 | Garðabæ | 570-5070 |
| Toyota Akureyri | Baldursnesi 1 | Akureyri | 460-4300 |
| Toyota Selfossi | Fossnesi 14 | Selfossi | 480-8000 |
| Toyota Reykjanesbæ | Njarðarbraut 19 | Reykjanesbæ | 420-6610 |
| Arctic Trucks | Kletthálsi 3 | Reykjavík | 540-4900 |
| Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Bæjarflöt 13 | Reykjavík | 440-8000 |
| Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Skemmuvegi 16 | Kópavogi | 440-8000 |
| Nethamar | Garðavegi 15 | Vestmannaeyjum | 481-1216 |
| Bílatangi | Suðurgötu 9 | Ísafirði | 456-4580 |
| Bifreiðaverkstæði KS | Hesteyri 2 | Sauðárkróki | 455-4570 |
| Bílaleiga Húsavíkur | Garðarsbraut 66 | Húsavík | 464-1888 |
| Bílaverkstæði Austurlands | Miðási 2 | Egilsstöðum | 470-5070 |
| Bílageirinn | Grófinni 14a | Reykjanesbæ | 421-6901 |

*Olíur, olíusíur, loftsíur, frjókornasíur, bensín- og hráolíusíur, þurrkublöð, þurrkugúmmí, bílaperur, rúðuvökvi og frostlögur (afsláttur gildir eingöngu með vinnusölu).

HARPA

**Aðalfundur**

Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. heldur aðalfund miðvikudaginn 27. apríl kl. 15:00 uppi á Háalofti, 8. hæð Hörpu.





ÁRSFUNDUR 2016

Ársfundur Sameinaða lífeyrissjóðsins verður haldinn miðvikudaginn 27. apríl nk., kl. 16.00 á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2.

Dagskrá

1. Almenn ársfundarstörf samkvæmt samþykktum sjóðsins
2. Önnur mál löglega upp borin

Auk kjörinna fulltrúa eiga allir sjóðfélagar og rétthafar séreignarsparnaðar rétt til setu á fundinum.

Reykjavík 8. apríl 2016
Stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins

Hægt verður að fylgjast með beinni útsendingu frá fundinum á vefsíðu sjóðsins, **lifeyrir.is**

Ársskýrslu 2015 má nálgast á skrifstofu sjóðsins og á **lifeyrir.is**

Sundagörðum 2
104 Reykjavík
510 5000
lifeyrir.is

Sameinaði lífeyrissjóðurinn

ENNEMM / SÍA / NM74708

Endalaust 365

ENDALAUST NET

1817 | 365.is

365

## Hlúir að valmúa



**Afganskur karlmaður hlúir að valmúa. Blómið er nýtt til að framleiða ópíum. Ræktun í Afganistan er svo umfangsmikil að um 92 prósent allra ópíata sem ekki eru notuð sem lyf koma frá landinu.** NORDICPHOTOS/AFP

# Hörð barátta um kosningar á Alþingi

**Ekki er komin tímasetning á fyrirhugaðar alþingiskosningar í haust. Stjórnarandstöðu var mikið niðri fyrir og lýsti óánægju sinni á funheitum þingfundi í gær. Ekki óeðlilegt að kallað sé eftir dagsetningu, að mati stjórnarþingmanns.**

**ALÞINGI** „Í fyllstu einlægni, er til of mikils mælst að biðja um dagsetningu á kosningum? Er það dónaskapur og heimtufrekja að fá að vita hvenær kosningarnar verða haldnar?“ Að þessu spurði Róbert Marshall, þingmaður Bjartrar framtíðar, á Alþingi í gær. Stjórnarandstöðunni var mikið niðri fyrir og frammíköll undir ræðum stjórnarliða voru veruleg.

Krafa stjórnarandstöðunnar er sú að dagsetning verði sett á fyrirhugaðar kosningar í haust. Báðir formenn stjórnarflokkanna hafa sagt skýrum rómi að kosningar verði í haust, en að fyrst vilji þeir klára ákveðin mál ríkisstjórnarinnar. Þar ber hæst afnám gjaldeyrishafta en önnur stór mál bíða jafnframt afgreiðslu, svo sem húsnæðismálafrumvörp Eyglóar Harðardóttur og frumvarp um nýtt millidómstig sem beðið hefur verið eftir um langa hríð. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst er þó ekki mikill ágreiningur um þessi mál í þinginu.

> **Friðurinn hér í þessum sal þessa stund er í höndum eins manns.**
>
> Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir



> **Árið 1959 var kosið í október. Kjörtímabilið var svo stytt um nokkra mánuði svo kjósa mætti aftur á vormánuðum.**

„Friðurinn hér í þessum sal þessa stund er í höndum eins manns. Hæstvirtur forsætisráðherra þarf bara að gefa einfalt svar við fullkomlega réttmætri spurningu um það hvenær hann hyggist ganga til kosninga,“ sagði Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir, þingmaður Samfylkingar.

Formenn stjórnarandstöðunnar höfðu fundað fyrr um daginn með Sigurði Inga Jóhannssyni forsætisráðherra án þess að tímasetning væri fastsett um hvenær kosningar yrðu. Lok október hafa verið nefnd sem líkleg tímasetning en Bjarni Benediktsson sagði, þegar hann tilkynnti að kosningum yrði flýtt, að kjörtímabilið yrði stytt um eitt löggjafarþing. Þetta hafa sumir túlkað þannig að kosið verði áður en þing kemur saman í september.

„Það er ekkert óeðlilegt við það að þingmenn kalli eftir dagsetningu á kosningum í haust. En það er óeðlilegt hvernig farið er fram til þess að fylgja þeirri kröfu eftir. Það getur engan veginn talist eðlilegt að þau vinnubrögð séu viðhöfð sem við verðum vitni að nú,“ sagði Jón Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, á þingfundi. Eins og áður segir voru frammíköll mjög tíð undir ræðum stjórnarliða og þurfti forseti Alþingis oft að minna þingmenn á góða hegðun. **snaeros@frettabladid.is**

ENNEMM / SIA / NMxxxxx



# Vilja stagbætt og löngu úrelt kerfi burt

**Stjórnarformaður VIRK starfsendurhæfingarsjóðs harmar samstöðuleysi innan nefndar um endurskoðun almannatryggingakerfisins. Nefndin skilaði af sér í marsbyrjun. Frumvarp sem byggir á áliti hennar er meðal mála sem ný ríkisstjórn vill klára fyrir haustið.**

**STJÓRNSÝSLA** Í nýju ársriti VIRK starfsendurhæfingarsjóðs kallar Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambands Íslands og stjórnarformaður VIRK, eftir því að lokið verði við endurskoðun almannatryggingakerfisins með nýjum lögum. Nefnd um endurskoðunina skilaði skýrslu sinni og ráðleggingum til Eyglóar Harðardóttur, húsnæðis- og félagsmálaráðherra 1. mars. Mælt er með að ný lög taki gildi um næstu áramót.

„Í allt of langan tíma hefur þessu stagbætta og löngu úrelta kerfi verið haldið gangandi vegna samstöðuleysis um breytingar og ekki með nokkrum hætti hægt að sætta sig við óbreytt ástand lengur,“ segir Gylfi í ávarpi sínu í ársritinu. Hann harmar um leið að ekki hafi tekist að tryggja breiða samstöðu um niðurstöðu nefndarinnar þar sem Öryrkjabandalagið hafi skilað séráliti með stuðningi stjórnarandstöðunnar. „Þó hægt sé að hafa skilning á því að ÖBÍ vilji ganga lengra í bæði bótarétti og bótafjárhæðum, eru það mikil vonbrigði að bandalagið sjái ekki sóknarfærin í einföldun almannatryggingakerfisins, upptöku hlutabótaréttar í örorku og innleiðingu starfsgetumatsins.“

Samtök á vinnumarkaði, lífeyrissjóðir og stjórnvöld hafa um allangt skeið velt fyrir sér leiðum til að snúa við þeirri þróun sem hefur verið síðustu ár að fleiri hverfi af vinnumarkaði vegna örorku á ári hverju



Tæplega 9.800 hafa leitað til VIRK starfsendurhæfingarsjóðs á þeim sjö árum sem sjóðurinn hefur starfað, nú eru 1.950 einstaklingar í þjónustu á vegum hans.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Það er frumvarpsvinna í gangi sem byggir á störfum Pétursnefndarinnar svokölluðu um endurskoðun almannatryggingakerfisins.**

Þorsteinn Sæmundsson, þingmaður Framsóknarflokks






*Útreikningur Talnakönnunar á þjóðhagslegum ávinningi á móti kostnaði við starfsemi VIRK.
*Heimild: VIRK, ársrit um starfsendurhæfingu 2016.*

en sem nemi náttúrulegri fjölgun á vinnumarkaði. Hluti af þeirri lausn sé að hverfa frá kerfi örorkumats og taka upp mat á starfsgetu fólks og markvissan stuðning til handa hverjum og einum til þess að hann komist aftur á vinnumarkað, ýmist að fullu eða að hluta.

Þessi nálgun er viðhöfð í skýrslu nefndarinnar, sem nú síðast hefur verið kennd við Pétur Blöndal, þingmann Sjálfstæðisflokksins, en hann lést skömmu áður en hún lauk störfum. Þorsteinn Sæmundsson, þingmaður Framsóknarflokks og varaformaður nefndarinnar, tók við keflinu og skilaði skýrslu nefndarinnar til ráðherra.

Fram kom í máli Þorsteins í umræðum á Alþingi um vantrauststillögu stjórnarandstöðunnar á nýskipaða ríkisstjórn Sigurðar Inga Jóhannssonar að frumvarpið sem byggir á tillögum nefndarinnar væri eitt þeirra mála sem ríkisstjórnin legði áherslu á að ljúka áður en kæmi að alþingiskosningum sem fram hefur komið að ríkisstjórnin vilji flýta og halda í haust. „Það er frumvarpsvinna í gangi sem byggir á störfum Pétursnefndarinnar svokölluðu um endurskoðun almannatryggingakerfisins, sem mun koma öllum þeim sem lakar standa til góða, einfalda kerfið og veita fólki ný tækifæri gegnum starfsgetumat,“ sagði hann í umræðunum síðasta föstudag.

Í nýju ársriti VIRK er vitnað til útreikninga Talnakönnunar á þjóðhagslegri hagkvæmni þess að styðja fólk til sjálfsbjargar þannig að það komist út úr örorkugreiðslum, hvort heldur sem er að hluta eða í heild. Í samantekt Vigdísar Jónsdóttur, framkvæmdastjóra VIRK, kemur fram að ávinning af starfsemi sjóðsins megi meta á 13,8 milljarða króna á síðasta ári, á meðan rekstrarkostnaður við hann hafi numið 2,2 milljörðum króna. **olikr@frettabladid.is**


**ÁRSFUNDUR LANDSVIRKJUNAR 2016**
Hilton Reykjavík Nordica
Fimmtudaginn 14. apríl kl. 14

# Auðlind fylgir ábyrgð

Ársfundur Landsvirkjunar verður haldinn á Hilton Reykjavík Nordica fimmtudaginn 14. apríl kl. 14–16. Þar kynnum við fjárhag og framtíðaráætlanir fyrirtækisins og hvetjum til opinnar umræðu um þau tækifæri og áskoranir sem framundan eru. Bein útsending verður frá fundinum á landsvirkjun.is.



- **Bjarni Benediktsson** fjármála- og efnahagsráðherra
  *Ávarp*
- **Jónas Þór Guðmundsson** stjórnarformaður Landsvirkjunar
  *Ávarp*
- **Hörður Arnarson** forstjóri Landsvirkjunar
  **Ragna Árnadóttir** aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar
  *Auðlind fylgir ábyrgð*
- **Edda Hermannsdóttir** stjórnar umræðum að erindum loknum

**Allir velkomnir**
Skráning á www.landsvirkjun.is



Landsvirkjun

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA




Volkswagen Golf hefur verið einn vinsælasti bíll á Íslandi í mörg ár og ekki að ástæðulausu. Hann er glæsilegur í alla staði, rúmgóður, öruggur og á frábæru verði. Komdu í reynsluakstur og finndu út hvaða Golf þér líkar best.

## Trendline
verð frá **3.190.000 kr.**

- Nálgunarvarar að aftan og framan
- Þokuljós með beygjuljósingu í framstuðurum
- Rafmagnshitaðir og stillanlegir hliðarspeglar
- Leðurklætt aðgerðastýri
- Hæðarstillanlegt framsæti
- Hiti í sætum
- Rafdrifnar rúður
- Loftkæling
- App Connect fyrir Mirror Link, Android Auto og Apple Car Play
- Composition Media margmiðlunartæki með 6,5" snertiskjá
- Bluetooth búnaður fyrir síma

## Comfortline
verð frá **3.690.000 kr.**

**Útbúnaður umfram Trendline:**
- Bakkmyndavél
- Hraðastillir (Cruise Control)
- Hiti í stýri
- Dökkar rúður að aftan
- Comfort sæti með „Dessin Storm" áklæði
- Viðvörunarkerfi ökumanns
- Skíðalúga í aftursætum með 2 glasahöldurum
- 15" Lyon álfelgur 195/65 R15

## Highline
verð frá **3.990.000 kr.**

**Útbúnaður umfram Comfortline:**
- Sportsæti með Alcantara áklæði
- Stemningslýsing í innra rými
- Sjálfvirkur birtudeyfir í baksýnisspegli
- Tveggja svæða loftkæling
- Ljós- og regnskynjari
- „Piano Black" innlegg í innréttingu
- Króm í neðra grilli
- Lyklalaust aðgengi og ræsing
- Sóllúga
- 16" Dover álfelgur 205/55 R16

## R-Line
verð **4.190.000 kr.**

**Útbúnaður umfram Comfortline:**
- Sportsæti
- Stemningslýsing í innra rými
- Sjálfvirkur birtudeyfir í baksýnisspegli
- Tveggja svæða loftkæling
- Ljós- og regnskynjari
- Sóllúga
- Xenon ljós með LED dagljósum
- R-Line útlit
- 17" Dijon álfelgur með sportfjöðrun 225/45 R17

**Volkswagen**

**www.volkswagen.is**

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

# Lægsta boð 59% af áætlun



**ORKUMÁL** Fyrirtækið Metalogalva í Portúgal átti lægsta tilboðið í stálmöstur þriggja háspennulína Landsnets, Kröflulínu 4, Þeistareykjalínu 1 og Suðurnesjalínu 2, en alls bárust fimmtán tilboð í möstrin og voru tólf þeirra undir kostnaðaráætlun.

Metalogalva bauð tæpar 3,2 milljónir evra, eða 465 milljónir íslenskra króna, um 59 prósent af kostnaðaráætlun.

Landsnet mun nú fara yfir tilboðin og í framhaldi af því verður rætt við lægstbjóðendur.

Gert er ráð fyrir að möstur Kröflulínu 4, frá Kröflu að Þeistareykjum, komi til landsins í sumar en möstur Þeistareykjalínu 1, frá Þeistareykjum að Bakka, og Suðurnesjalínu 2, milli Hafnarfjarðar og Rauðamels á Reykjanesi, verði afhent í byrjun næsta árs.

– shá


# Ársfundur

Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands boðar til ársfundar **fimmtudaginn 28. apríl 2016 kl. 17.00 í húsnæði LSR, Engjateigi 11** (gengið inn að vestanverðu).

**Dagskrá:**
Skýrsla stjórnar.
Stjórnarkjör.
Önnur hefðbundin ársfundarmál.

Allir sjóðfélagar eiga rétt á setu á ársfundi með málfrelsi og tillögurétti. Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta.

***Stjórnin.***




**Mótmælendur efndu í gær til uppákomu fyrir utan byggingu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins í Brussel.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA






# Verði gert skylt að upplýsa um tekjur og skatta

**Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins kynnti nýjar reglur um gagnsæi. Fjölþjóðafyrirtæki geti ekki lengur skotið tekjum undan. ESB verður árlega af 50 til 70 milljörðum evra vegna undanskota.**

**ESB** Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins kynnti í gær hugmyndir sínar um að stærstu fyrirtækjum, sem starfa í aðildarríkjum sambandsins, verði gert skylt að gera opinberlega grein fyrir skattamálum sínum.

Framkvæmdastjórnin segir að Evrópusambandið verði af 50 til 70 milljörðum evra árlega vegna skattaundanskota. Þetta samsvarar ríflega 7.000 til nærri 10.000 milljörðum króna.

Reglurnar eiga að ná til þúsunda fjölþjóðafyrirtækja, hvort sem þau eru evrópsk eða ekki. Eina skilyrðið er að viðkomandi fyrirtæki sé með starfsemi í ríkjum Evrópusambandsins. Reglurnar eiga hins vegar ekki að ná til lítilla eða meðalstórra fyrirtækja.

Fyrirtækjunum verður gert skylt að birta upplýsingar um hagnað sinn, skattgreiðslur, starfsmannafjölda og veltu, og þessar upplýsingar verði sundurliðaðar eftir aðildarríkjum ESB og nokkrum helstu skattaskjólum heims.

Þessar reglur myndu ná til stórfyrirtækja á borð við Google, Apple og Starbucks, sem öll hafa verið gagnrýnd fyrir að notfæra sér skattaskjól.

Jonathan Hill, sem fer með málefni fjármálafyrirtækja í framkvæmdastjórninni, sagði að bæði efnahagur og samfélag Evrópuríkjanna væru háð því að skattakerfið sé sanngjarnt: „Í dag er það samt svo, að með því að nota flókna skattahagræðingu geta sum fjölþjóðafyrirtæki komist upp með að greiða nærri þriðjungi lægri skatta en fyrirtæki sem sem starfa einungis í einu landi.“

> **Í dag er það samt svo, að með því að nota flókna skattahagræðingu geta sum fjölþjóðafyrirtæki komist upp með að greiða nærri þriðjungi lægri skatta en fyrirtæki sem starfa einungis í einu landi.**
>
> Jonathan Hill, fjármálastjóri í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins

Reglurnar, sem framkvæmdastjórnin kynnti í gær, verða á næstunni ræddar bæði á Evrópuþinginu og í ráði Evrópusambandsins. Báðar þessar stofnanir þurfa að samþykkja þær, áður en þær geta tekið gildi.

Eftir að upplýsingar tóku að birtast úr Panama-skjölunum hafa stjórnvöld víða um heim boðað aðgerðir gegn skattaskjólum. Á mánudaginn kynnti til dæmis David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, áform um að fyrirtækjum verði refsað fyrir að láta starfsmenn sína komast upp með að gefa ráðleggingar um skattaundaskot. Og á sunnudaginn hvatti Wolfgang Schäuble, fjármálaráðherra Þýskalands, ríki heims til að sameinast um öfluga baráttu gegn skattaskjólum.

gudsteinn@frettabladid.is

Nº30
2016

Listahátíð
í Reykjavík

# Listahátíð í Reykjavík í þrítugasta sinn

Kynntu þér dagskrána á listahatid.is



FlexN Iceland – götudans frá Brooklyn og Manchester
@ Brim-húsið við Geirsgötu – 21. maí, KL. 20:00



PLAY – Sidi Larbi Cherkaoui & Shantala Shivalingappa
@ Þjóðleikhúsið – 31. maí, KL. 19:30



UR_ – Ópera eftir Önnur Þorvaldsdóttur í leikstjórn Þorleifs Arnar Arnarssonar
@ Norðurljós, Harpa – 4. júní, KL. 19:30



Terri Lyne Carrington – Djass á heimsmælikvarða
@ Eldborg, Harpa – 5. júní, KL. 20:00



Hátindar á ferli Helga Tómassonar – San Francisco ballettinn
@ Eldborg, Harpa – 28.–30. maí

Stofnaðilar og bakhjarlar Listahátíðar

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Reykjavíkurborg
TVG-ZIMSEN Flutningsmiðlun
Icelandair Hotels

Lárusson Hönnunarstofa

# Clinton og Trump jöfn



Donald Trump, forsetaframbjóðandi

**BANDARÍKIN** Ef Hillary Clinton og Donald Trump yrðu forsetaframbjóðendur flokka sinna myndi Clinton hljóta 38 prósent atkvæða en Trump 36 prósent. Sextán prósent myndu kjósa annan frambjóðanda og átta prósent sitja heima eða skila auðu. Þetta kemur fram í nýrri könnun fréttastofu NBC í Bandaríkjunum.

Clinton og Trump hafa bæði forskot á keppinauta sína í baráttunni um útnefningu til forsetaframboðs. Á meðal demókrata hefur Clinton stuðning ríflega 1.300 landsfundarfulltrúa en Bernie Sanders ríflega þúsunds. Þá hefur Trump stuðning um 750 fulltrúa en Ted Cruz 545.

Langt er síðan svo margir kusu frambjóðanda sem stendur utan flokkanna tveggja. Það gerðist síðast árið 1992. Þar áður gerðist það árið 1924. Enn er þó langt í kosningar en þær fara fram í nóvember. – þea


## Verkalýðsfélagið Hlíf

Reykjavíkurvegi 64 - 220 Hafnarfjörður - Sími 510 0800
Fax 510 0809 - Netfang hlif@hlif.is

## AÐALFUNDUR

Aðalfundur Verkalýðsfélagsins Hlífar verður haldinn **mánudaginn 18. apríl 2016. kl. 18:00,** í Skútunni, Hólshrauni 3. Hafnarfirði.

**Dagskrá:**

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Kosning í kjörstjórn.
3. Önnur mál.

Léttur kvöldverður.

***Stjórn Vlf. Hlífar.***


# Efnt til þingkosninga í hluta Sýrlands í dag

**Allar líkur eru á að Assad forseti og stjórn hans vinni stórsigur í kosningum í Sýrlandi í dag. Vopnahlé tók gildi í lok febrúar. Ýmsir hryðjuverkahópar áttu ekki aðild að því. Loftárásum hefur verið haldið áfram á yfirráðasvæðum þeirra.**

**SÝRLAND** Þingkosningar verða haldnar í Sýrlandi í dag. Reyndar aðeins í þeim hluta landsins sem stjórn Bashar al Assad forseta hefur yfirráð yfir.

Allar líkur eru á því að Assad forseti og stjórn hans vinni stórsigur.

Í lok febrúar gekk í gildi í Sýrlandi vopnahlé, sem Rússar og Bandaríkjamenn, ásamt fulltrúum fleiri ríkja og alþjóðastofnana, höfðu fengið bæði stjórnarherinn og stjórnarandstæðinga til að fallast á.

Vígasveitir Íslamska ríkisins og aðrir hryðjuverkahópar áttu ekki aðild að vopnahléinu, þannig að Rússar, Bandaríkjamenn og fleiri hafa haldið áfram loftárásum sínum á yfirráðasvæði þeirra. Stjórnarher Assads hefur sömuleiðis haldið áfram loftárásum á hryðjuverkamenn.

Loftárásir þessar bitna þó oft á almennum borgurum og hvorki Rússar né sýrlenski stjórnarherinn gera mikinn greinarmun á því hvort þeir eru að gera loftárásir á hryðjuverkamenn eða aðra uppreisnarmenn, sem sumir njóta jafnvel stuðnings víða á Vesturlöndum.

Þá hafa átök verið að hefjast á ný á jörðu niðri, meðal annars í borginni Aleppo þar sem uppreisnarhópar eiga í bardögum við stjórnarherinn. – gb




**Kosningaspjöld hafa verið nokkuð áberandi víða í Sýrlandi undanfarna daga.** FRÉTTABLAÐIÐ/AP





# NÝR ISUZU D-MAX
# VERÐ FRÁ 5.790.000 BEINSKIPTUR, 6 GÍRA

100 HISTORIC YEARS Founded 1916 ISUZU

ISUZU D-MAX ER EINN HAGKVÆMASTI OG STERKASTI PALLBÍLL SEM UM GETUR
EYÐSLA AÐEINS 7,4 l/100 km*

NÝTT MEIRI DRÁTTARGETA
3500KG

TILBOÐ
NÚNA FYLGIR ÖLLUM ISUZU D-MAX
DRÁTTARBEISLI OG HEITKLÆÐNING Á PALLINN

*Miðað við eyðslutölur frá framleiðanda á beinskiptum bíl / blönduðum akstri.

ENNEMM / SÍA / NM74813

GE bílar, Reykjanesbæ, www.gebilar.is, 420 0400
Bílasalan Bílás, Akranesi, www.bilas.is, 431 2622
Bílasala Akureyrar, Akureyri, www.bilak.is, 461 2533
Bílaverkstæði Austurlands, Egilsstöðum, www.bva.is, 470 5070
IB ehf., Selfossi, www.ib.is, 480 8080
BL söluumboð, Vestmannaeyjum, 481 1313, 862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

# VERKFÆRI SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA !

TOPTUL®

**TILBOÐ**

## VERKFÆRASETT 80 STK

1/4" og 1/2" toppar
Stærðir 4 - 32mm
Fastir lyklar 8 - 19mm
Skrúfjárn tangir, hamar og fl.

vnr IBTGCAI8002

**22.900** m/vsk
Fullt verð 34.937



**TILBOÐ**

## TOPPLYKLASETT 28 STK

1/2" 8 - 32mm
Skrall
Framlengingar
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI2801

**8.900** m/vsk
Fullt verð 11.725



**TILBOÐ**

## SKRALLLYKLASETT PRO 12 STK

Stærðir 8 - 19mm
72 tanna
Sterkur taupoki

vnr IBTGPAQ1202

**16.900** m/vsk
Fullt verð 19.205




**MÆLUM MEÐ**

## HERSLUMÆLIR

Passar á 1/2" skrall
Hersla: 40 - 200Nm
Nm, Ft-Lb, Kg-m, Kg-cm
Minni: 10 ein.

vnr IBTDTA-200N

**7.106** m/vsk
Frábært verð



**TILBOÐ**

## TOPPLYKLASETT 94 STK

1/4" 4 - 14 mm
1/2" 10 - 32 mm
Bitar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI094R

**16.900** m/vsk
Fullt verð 21.647



**TILBOÐ**

## VERKFÆRASETT 130 STK

1/4" - 3/8" - 1/2"
Toppar 4 - 32 mm | 5/32" - 1 1/4"
Lyklar 8 - 22 mm
E toppar, sexkantbitar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI130B

**24.900** m/vsk
Fullt verð 36.391



**TILBOÐ**

## VERKFÆRASETT 96 STK

Toppar 1/4" - 1/2" 4 - 32 mm
Lyklar, skrúfjárn, tangir
Nippillyklar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI9601

**21.900** m/vsk
Fullt verð 35.217



LÍFSTÍÐARÁBYRGÐ Á TOPPUM OG FÖSTUM LYKLUM

**TILBOÐ**

## TOPPLYKLASETT 151 STK

Toppar 1/4 - 3/8 - 1/2"
Stærðir 4 - 32 mm
Djúpir toppar, bitar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI151R

**27.900** m/vsk
Fullt verð 39.688






## SÁ VINSÆLI

**283 verkfæri**

BÚKKAR FYLGJA MEÐ ÞESSUM SKÁP





**177.750** m/vsk
Okkar besta verð

**www.sindri.is / sími 575 0000**

Viðarhöfða 6 - Reykjavík I Skútuvogi 1 - Reykjavík I Bæjarhrauni 12 - Hafnarfjörður

SINDRI

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

## Hugsum stórt



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Í gær bárust þær gleðifréttir að Háskóli Íslands hefði hækkað um tæp fimmtíu sæti á lista Times Higher Education yfir bestu háskóla heims. Skólinn er nú í 222. sæti. Stökkið þýðir að háskólinn er nú í 13. sæti á listanum yfir skóla á Norðurlöndunum. Tímaritið Times Higher Education birtir árlega lista yfir 400 bestu háskóla heims og er einn áhrifamesti listi sinnar tegundar.

„Niðurstaðan er mikil viðurkenning fyrir alla þá sem starfa hér og nema. Það má ekki gleyma einkar öflugum samstarfsaðilum innan lands og utan sem gera hann enn betri, sem sagt Landspítalanum, Íslenskri erfðagreiningu, Hjartavernd, Matís og alþjóðlegum samstarfsháskólum," sagði Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, af þessu tilefni.

Við mat á stöðu háskóla á listanum horfir Times Higher Education til ýmissa atriða en þar má nefna áhrif á alþjóðlegum vettvangi, rannsóknarstarf, kennslu og námsumhverfi.

Til að komast í fremstu röð, eða framar, þarf háskólinn að reyna að laða til sín afburðanemendur og -fræðimenn, meðal annars frá útlöndum. Fyrsta skrefið er að taka launa- og styrkjakerfi skólans til gagngerrar endurskoðunar. Íslenskir kennarar eru á mun lægri launum en kollegar þeirra á hinum Norðurlöndunum, háskólunum helst illa á stundakennurum sem eru enn verr launaðir og styrkjum til rannsókna er enn verulega ábótavant.

Háskólanemum hér á landi hefur fjölgað jafnt og þétt á undanförnum árum og sérstaklega mikið upp úr aldamótunum. Árið 2000 voru háskólanemar rúmlega tíu þúsund talsins en á síðustu árum hafa þeir verið um 20 þúsund á ári. Þó sækir mjög hátt hlutfall Íslendinga sér háskólamenntun út fyrir landsteinana.

Í kjölfar hrunsins hefur svokallaður spekileki, eða brottflutningur einstaklinga sem búa yfir sérfræðiþekkingu, verið tíðræddur. Slíkt hefur til að mynda verið áberandi í heilbrigðiskerfinu, þar sem starfsfólk er eftirsótt á alþjóðlegum vinnumarkaði og kýs að fara snemma til framhaldsnáms í útlöndum eða koma ekki heim úr slíku námi vegna óviðunandi kjara og starfsaðstæðna hér heima. Hið sama á við í fleiri greinum, þar á meðal vísindagreinum. Innan haftanna hafa áhyggjuraddir vegna flótta tækni- og þekkingarfyrirtækja úr landi einnig verið háværar. Þessar áhyggjur eru réttmætar og ekki til þess fallnar að hjálpa til við að bæta íslenskt háskólasamfélag.

Markmið Háskóla Íslands um að vera meðal þeirra 100 bestu er háleitt fyrir rúmlega 300 þúsund manna samfélag. Allt að því óraunhæft þó það sé ekkert nema gott að stefna hátt. Menntamálaráðuneytið gaf í lok síðasta árs út veglega og yfirgripsmikla skýrslu um háskóla- og vísindakerfið á Íslandi. Skýrslan er afrakstur fyrsta áfanga í mótun heildstæðrar stefnu fyrir háskóla og vísindastarfsemi og á að taka til æðri menntunar, rannsókna, nýsköpunar og helstu stoðaðila málaflokksins. Ljóst er að mikið verk er að vinna. Hugsa þarf stórt og til langs tíma og allir sem að menntakerfinu koma þurfa að vera opnir fyrir breytingum til hins betra.

> Til að komast í fremstu röð, eða framar, þarf háskólinn að reyna að laða til sín afburðanemendur og -fræðimenn, meðal annars frá útlöndum.

**Tónskáldasjóður Rásar 2**

Undirritaðar umsóknir skulu berast sjóðnum á þar til gerðum eyðublöðum í þríriti ásamt fylgigögnum fyrir miðnætti hinn **28. apríl 2016** merktar:

**„Tónskáldasjóður Rásar 2"**
Laufásvegi 40, 101 Reykjavík

Umsóknarblöð má fá á heimasíðu STEFs.

FÉLAG TÓNSKÁLDA & TEXTAHÖFUNDA

### Halldór




## Frá degi til dags

**Samanburðarstjórnmál**
Ragnheiður Ríkharðsdóttir dró það upp á Alþingi í gær að í tíð síðustu ríkisstjórnar hefði Jóhanna Sigurðardóttir farið á svig við jafnréttislög, stjórnin skipað stjórnlagaráð þvert á dóm Hæstaréttar og ákvarðanir Svandísar Svavarsdóttur verið felldar úr gildi fyrir dómi. Þessu svaraði Steingrímur J. Sigfússon með því að benda á að tveir ráðherrar hafa undanfarið tapað dómsmálum. Umræðurnar opinbera helst við hvaða stjórnarfar Íslendingar hafa búið undanfarin ár. Það þarf engum að koma á óvart ef Bjarnabófar verða sigurvegarar næstu kosninga, já eða sjóræningjar.

**Íslensk aflandsfélög**
Stjórnmálafræðiprófessorinn Hannes Hólmsteinn Gissurarson lagði það til í pistli í gær að Ísland reyndi að verða samkeppnishæft við skattaskjól. Vandinn væri að auðmenn kjósi að geyma fé sitt annars staðar. Íslensk stjórnvöld gætu auðvitað ráðist í rikulega auglýsingaherferð í takt við Inspired by Iceland til að laða erlent fjármagn til Íslands. Bankamenn og Framsóknarflokkurinn myndu dansa í myndbandinu við lagið Hverfinu með Gísla Pálma og enginn myndi segja orð um að vegna gjaldeyrishaftanna er ekki séns fyrir auðmennina að fá peninginn sinn til baka.

snaeros@frettabladid.is

## Nám í lýðræði – og íslensk umræðuhefð



Tryggvi Gíslason
fv. skólameistari

Vegna atburða undanfarna daga og reynslu fyrri ára legg ég til, að mennta- og menningarmálaráðuneytið láti vel menntað fólk semja námskrá í lýðræði og lýðræðislegri hugsun og geri lýðræði og lýðræðislega hugsun að skyldunámi í grunnskólum og framhaldsskólum landsins. Í náminu væri rakin saga og inntak lýðræðis á Vesturlöndum og bent á réttindi og skyldur almennings og stjórnvalda í lýðræðisríki og höfð til hliðsjónar Rannsóknarskýrsla Alþingis og niðurstöður Þjóðfundarins 2009.

**Kappræða í stað samræðu**

Til þess að kynna og kenna nemendum lýðræðislega hugsun og lýðræðisleg viðhorf þarf að gefa kennurum kost á að sækja námskeið – fjarnám – á vegum Sagnfræði- og heimspekideildar Háskóla Íslands þar sem meginþættir lýðræðis eru dregnir fram og saga og inntak lýðræðis á Vesturlöndum kynnt.

Umræðuhefð sú sem þróast hefur á Íslandi áratugum saman, einkennist af kappræðu í stað samræðu og stingur mjög í stúf við umræðuhefð hjá frændþjóðum okkar í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð, sem eru fremstu lýðræðisríki heims. Í kennslu í lýðræði og lýðræðislegri hugsun þarf því að leggja mikla áherslu á umræðu – samræðu – þar sem hlustað er á viðmælandann og skoðanir annarra virtar.

> Umræðuhefð sú sem þróast hefur á Íslandi áratugum saman, einkennist af kappræðu í stað samræðu.

**Margt ógert**

Þótt mikið hafi áunnist í jafnrétti og lýðréttindum undanfarna öld er margt ógert. Næst á eftir því að gera ungu fólki kleift að eignast íbúð með eðlilegum kjörum, reisa nýjan Landspítala og koma heilsugæslu á landinu í sæmilegt horf og vinna gegn einelti og hvers konar ofbeldi, er nám í lýðræði og lýðræðislegri umræðu og lýðræðislegri hugsun og lýðræðislegri hegðun mest aðkallandi í landi okkar.

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Peningar binda



**Þröstur Ólafsson**
hagfræðingur

Fátt er um meira talað en feluleiki með misheiðarlega fengið fjármagn sem, þegar vel er falið, kemst fyrir í örbankahólfum á eyjum í Karíbahafi. Þótt enginn viti gjörla um heildarupphæðir, þá eru flestir þeir sem einhverja innsýn hafa í feluleikinn þess fullvissir, að um stjarnfræðilegar upphæðir sé að ræða. Þetta er ljótur leikur, því þótt einhverjir séu eingöngu að koma í veg fyrir að þeir sem stóreignamenn verði tilgreindir, þá er megintilgangur aflandsfjáreigna sá að komast hjá skattlagningu peninganna í heimalandi sínu. Ein ástæða þess að flestar vestrænar þjóðir eiga erfitt með að láta rekstur ríkissjóða sinna ná endum saman, er þessi skattaflótti. Þeir ríku og valdamiklu skjóta sér undan þátttöku í samfélagslegum útgjöldum.

### Aflandshólfin á bresku yfirráðasvæði

Minna hefur verið um það rætt hver sé ástæða þess að skattaskjólin eru að langmestu leyti á litlum eyjum eða landkrikum undir stjórn Breta. Talið er að yfir 80% af veltu allra aflandssjóða séu skráð á stöðum sem heyra undir Bretadrottningu. Þar eru ekki bara Tortóla sem er á Bresku Jómfrúaeyjunum, heldur einnig Bahamaeyjar, British Anguilla, svo og eyjar á Ermasundi s.s. Jersey og Guernsey að viðbættri Isle of Man vestanvert við Bretland. Þegar Bretar voru í vandræðum með pundið sitt og City of London átti í vök að verjast buðu bresk verndar- og sjálfstjórnarsvæði upp á að geyma fjármuni ríka fólksins í fullkominni leynd. En af hverju völdu þeir ofurríku breskar eyjar eða verndarsvæði til að fela peningana sína? Jú, það var bæði vísvitandi stefna breskra stjórnvalda til að styrkja London sem miðstöð fjármála í heiminum, en einnig sú staðreynd að breskt réttarkerfi er gamalt og talið eitt það traustasta í heiminum. Pólitískar sveiflur eru ekki taldar hnika því mikið til. Lokadómstóll fyrir Bresku Jómfrúaeyjar er sá sami og fyrir England, þ.e. Hæstiréttur í London. Þeir sem ekki vildu að almenningur vissi hve ríkir þeir voru vildu geta treyst réttarkerfinu, sem í þessu tilviki dæmir eftir breskum lögum.

### Hirtu það sem þú getur ...

Það myndaðist heil iðngrein fyrirtækja og banka (s.s. Landsbankans) sem sérhæfðu sig í eignafeluleik og skattaundanskoti í kringum aflandseyjarnar. Það einkennilega við þetta er það, að peningarnir sem skráðir voru á aflandseyjar, skiluðu ekkert betri ávöxtun þar en t.d. í banka í London. Munurinn lá í lægri sköttum. Heimaland endanlegra eigenda, hverjir sem þeir voru, borgaði þannig mismuninn. Ávöxtunin var sú sama vegna þess að peningarnir voru geymdir og ávaxtaðir í bönkum í London. Þessi aflandsfélög voru í reynd útibú frá City of London. Frá þessum aflandsfélögum streymdu óhemju auðæfi inn í bankana í London, sem gerðu bresku höfuðborgina að helsta fjármálaveldi heimsins. Staða Lundúna í heimsfjármálum og Bretlands sem valdaríkis kemur að miklu leyti til vegna þessa ofur innstreymis illa fengins fjár frá þessum „útibúum“ bresku bankanna á aflandseyjum. Það er því misskilningur, svo ekki sé meira sagt, þegar núverandi, eða var það fyrrverandi, forsætisráðherra fullyrti, að peningar SDG, sem að eigin frásögn voru gefnir upp, hafi unnið fyrir íslenska hagkerfið. Þeir unnu fyrir það breska.

**Það er því misskilningur, svo ekki sé meira sagt, þegar núverandi, eða var það fyrrverandi, forsætisráðherra fullyrti, að peningar SDG, sem að eigin frásögn voru gefnir upp, hafi unnið fyrir íslenska hagkerfið. Þeir unnu fyrir það breska.**




### ... og skilaðu því ekki aftur

Margar tilraunir, bæði á þjóðríkja sem og alþjóða vettvangi, hafa verið reyndar til að stemma stigu við þessari svikamyllu. OECD hefur markvisst reynt að koma á samræmdum reglum meðlimaríkja sinna en árangur hefur látið á sér standa. Bretar hafa skiljanlega dregið lappirnar. Innan Evrópusambandsins hafa einnig verið gerð áhlaup á aflandsvæðingu evrópsks fjármálalífs án þess að marktækur árangur hafi náðst. Bæði er að sum lönd innan ESB, s.s. Lúxemborg, tryggðu sér snemma undanþágur frá meginreglum, sem opnuðu löndunum leiðir til að geta boðið erlendum fjármagni þægileg kjör, en hitt líka að þegar á reyndi komu Bretar í veg fyrir að bandalagið afgreiddi nokkrar bindandi reglur, sem lagt hefði getað hömlur á starfsemi aflandsfélaga.

Það er kaldhæðni sögunnar að það var núverandi forsætisráðherra Bretlands, David Cameron, sem kom í veg fyrir það, síðast þegar tilraun var gerð á vegum ESB. Hefði sú vitneskja um hagnað hans og eiginkonu hans af viðskiptum með aflandseignir þeirra legið fyrir á þeim tíma, er ólíklegt að Bretar hefðu komist upp með að stöðva málið. Fullyrt hefur verið, að sú niðurstaða sem fékkst í uppgjöri föllnu íslensku bankanna, þar sem samið var um málið í stað þess að gera bankana gjaldþrota, hafi minnkað tap kröfuhafa um einhver hundruð milljarða króna. Bæði David Cameron og Sigmundur Davíð voru báðum megin við borðið.

# Falskur söngur iðnaðar- og viðskiptaráðherra



**Snorri Baldursson**
formaður Landverndar

Á vorfundi Landsnets 5. apríl sl. sagði Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, að tillögur verkefnisstjórnar rammaáætlunar væru „ágætt dæmi um [þennan] skort á skilningi á samspili orkumála og loftslagsmála“!?

Ráðherra gagnrýndi tillögu verkefnisstjórnarinnar einkum á þeim forsendum að hún tæki ekki nægilegt tillit til samfélagslegra og efnahagslegra sjónarmiða (les. orkugeirans). Þetta tengdi hún loftslagsmálum og þeirri meintu skyldu okkar að virkja sem allra mest til að draga megi úr losun $CO_2$ á heimsvísu. Rót gagnrýninnar virðist vera óánægja með þá tillögu að þrjú stór vatnasvið á miðhálendinu, Héraðsvötn, Skjálfandafljót og Skaftá, auk efstu draga Þjórsár fari í verndarflokk.

Í orkunýtingarflokki rammaáætlunar verða alls um 1.400 MW, gangi tillögur verkefnisstjórnar eftir. Það afl samsvarar rúmlega tveimur Kárahnjúkavirkjunum sem gætu fræðilega knúið tvö ný risaálver á stærð við álver ALCOA í Reyðarfirði (ekki að ég mæli með því). En eru ekki Norðlendingar afskiptir? Nei, síður en svo. Á Norðurlandi eru, að Þeistareykjavirkjun meðtalinni, um 570 MW til ráðstöfunar þótt vissulega sé mikil umhverfisáhætta fylgjandi t.d. Bjarnarflagsvirkjun. Ný kerfisáætlun Landsnets á auk þess að tryggja flutning raforku um allt land.

Samkvæmt tölum Ragnheiðar sparar (hennar orðalag) 100 MW virkjun árlega um 400.000 tonn af $CO_2$ sem jafngildir bindingu 200 milljóna trjáa eða 950 ferkílómetra af skógi. Megavöttin 1.400 í orkunýtingarpottinum „spara“ því sem nemur bindingu 2,8 milljarða trjáa eða 13.300 ferkílómetra af skógi. Verður ekki að segja að það sé býsna rausnarlegt framlag til loftslagsmála í heiminum?

Fyrir 500 MW af orku má líka rafvæða samgöngur, sjávarútveg og landbúnað og þar með draga úr árlegri losun frá þessum greinum sem nemur vel á aðra milljón tonna af $CO_2$. Þá væru samt eftir allt að 900 MW fyrir Norðlendinga og aðra til iðnaðaruppbygginga. Orkunýtingarflokkur inniheldur því yfrið nóg af virkjanahugmyndum fyrir orkugeirann að moða úr á næstu árum, jafnvel þótt þeim sem mest áhætta fylgir verði sleppt og miðhálendinu hlíft.

Söngurinn um skyldu okkar til að virkja sem mest er gamalkunnur. Við höfum líka skyldur til að vernda einstaka náttúru sem á sér fáa ef nokkra líka. Engar rannsóknir liggja fyrir um að það sé hagfelldara fyrir samfélag og efnahag þjóðarinnar og heimsins að virkja vatnasvið á miðhálendinu en að friða þau í þjóðgarði. Þess vegna er söngur ráðherrans falskur.

**Engar rannsóknir liggja fyrir um að það sé hagfelldara fyrir samfélag og efnahag þjóðarinnar og heimsins að virkja vatnasvið á miðhálendinu en að friða þau í þjóðgarði.**





**Gildi – lífeyrissjóður**

*Ársfundur 2016*

*Grand hótel Reykjavík, fimmtudaginn 14. apríl kl. 17.00*

**Dagskrá fundarins**

1. Venjuleg ársfundarstörf.
2. Erindi tryggingafræðings sjóðsins.
3. Önnur mál, löglega upp borin.

Allir sjóðfélagar eiga rétt til setu á ársfundinum með málfrelsi og tillögurétti. Sérstakt fulltrúaráð, að jöfnu skipað fulltrúum stéttarfélaga og samtaka atvinnurekenda sem að sjóðnum standa, fer með atkvæði á ársfundinum.

Tillögur til ályktunar sem taka á fyrir á ársfundi þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.

*Reykjavík, 4. apríl 2016.*
Stjórn Gildis — lífeyrissjóðs.

Lífeyrissjóður www.gildi.is

FRÉTTABLAÐIÐ

# SPORT



Harpa fagnar einu þriggja marka sinna gegn Hvíta-Rússlandi með Fanndísi Friðriksdóttur (23) og Hallberu Gísladóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/HILMAR ÞÓR GUÐMUNDSSON

## Elska gervigras

**Harpa Þorsteinsdóttir skoraði þrennu þegar Ísland vann öruggan sigur á Hvíta-Rússlandi með fimm mörkum gegn engu í undankeppni EM 2017 í gær. Þetta var önnur þrenna Hörpu fyrir landsliðið.**

**FÓTBOLTI** Ísland er áfram með fullt hús stiga í sínum riðli í undankeppni EM 2017 eftir 5-0 stórsigur á Hvíta-Rússlandi í Minsk í gær. Íslensku stelpurnar hafa unnið alla fjóra leiki sína með markatölunni 17-0 og eiga því frábæra möguleika á að ná því markmiði sínu að vinna riðilinn og komast beint til Hollands þar sem lokakeppnin verður haldin næsta sumar.

Eins og lokatölurnar gefa til kynna voru yfirburðir íslenska liðsins miklir. Margrét Lára Viðarsdóttir kom Íslandi yfir á 14. mínútu með sínu 76. landsliðsmarki en svo var komið að Stjörnukonunni Hörpu Þorsteinsdóttur sem skoraði næstu þrjú mörk Íslands. Dagný Brynjarsdóttir skoraði svo fimmta markið með skalla fjórum mínútum fyrir leikslok.

Þetta var önnur þrenna Hörpu fyrir landsliðið en hún skoraði einnig þrjú mörk þegar Ísland rúllaði yfir Möltu, 0-8, fyrir tveimur árum.

„Við erum alltaf ótrúlega ánægðar þegar við náum í þrjú stig og það er alltaf markmiðið,“ sagði Harpa í samtali við Fréttablaðið eftir leik.

„Við erum sátt við spilamennskuna og að skora fimm mörk, það er þremur fleira en í fyrri leiknum,“ bætti Harpa við og vísaði til leiksins við Hvít-Rússa á Laugardalsvelli síðasta haust sem Ísland vann 2-0. Lokatölurnar gáfu þó alveg rétta mynd af þeim leik en íslenska liðið fór illa með mörg upplögð tækifæri. Harpa segir að aðstæður hafi haft sitt að segja um muninn á milli leikjanna.

„Það voru örlítið betri aðstæður hérna. Heima var grenjandi rigning og það gerði okkur aðeins erfiðara fyrir. Það voru toppaðstæður í dag [í gær], gervigras og ég elska gervigras,“ sagði Harpa sem er auðvitað vön því að spila á gervigrasi á Samsung-vellinum í Garðabæ, heimavelli Stjörnunnar.

Harpa segir að leikskipulag íslenska liðsins hafi gengið nær fullkomlega upp í Minsk í gær. „Við vissum nokkurn veginn út í hvað við vorum að fara. Við vorum með ákveðið upplegg sem við framkvæmdum vel,“ sagði framherjinn öflugi en Harpa er nú komin með 14 mörk fyrir íslenska landsliðið.

> Þetta verður hörkuslagur. Við ætlum að vinna riðilinn og til þess þurfum við að vinna Skota.
>
> Harpa Þorsteinsdóttir

Þrátt fyrir að hafa unnið alla leiki sína með yfirburðum er íslenska liðið ekki í efsta sæti riðilsins. Þar sitja Skotar sem hafa spilað fimm leiki og unnið þá alla með markatölunni 27-2. Skotland og Ísland mætast einmitt í Falkirk í næstu umferð en sá leikur mun væntanlega hafa mikið um það að segja hvort liðið vinnur riðilinn.

„Nú getum við farið að hugsa um næsta leik sem er hrikalega stór,“ sagði Harpa sem býst við erfiðum leik í Skotlandi. „Þetta er nánast einvígi og ég held að bæði lið séu meðvituð um það. Þetta verður hörkuslagur. Við ætlum okkur að vinna riðilinn og til þess þurfum við að vinna Skota.“ **ingvithor@365.is**

## Fastir liðir eins og venjulega í úrslitakeppni kvenna

**HANDBOLTI** Úrslitakeppnir handboltans fara af stað í vikunni og stelpurnar byrja í kvöld þegar allar fjórar viðureignir átta liða úrslitanna fara fram.

Haukar og Grótta börðust um efsta sætið en það munaði síðan bara fjórum stigum á liðunum í næstu fjórum sætum. Það er því spenna fyrir úrslitakeppninni í svona jafnri deild.

Stjarnan og Valur mætast í átta liða úrslitunum og rífa eflaust upp gömul sár eftir rosalegar rimmur undanfarin ár. Þetta verður fimmta árið í röð sem liðin mætast í úrslitakeppninni og undanfarin þrjú ár hefur einvígið unnist í oddaleik. Liðin unnu hvort innbyrðisleikinn sinn í deildinni og það má alveg fara að búa sig undir oddaleikinn.



Sex af sjö leikmönnum í liði ársins. Efri röð frá vinstri: Hanna, Solveig Lára, Íris Ásta, Jóna. Fremri röð frá vinstri: Íris Björk og Anna Úrsúla. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fram mætir ÍBV í uppgjöri liðanna í 3. og 6. sæti en fyrir nokkru voru liðin í öfugri stöðu. Eyjakonur hafa hins vegar gefið mikið eftir að undanförnu og misstu frá sér heimavallarréttinn sem gæti reynst þeim dýrkeypt. Framkonur hafa meðbyrinn enda vann Framliðið (6) fjórum fleiri leiki í síðustu sjö umferðunum en ÍBV-liðið (2).

Það búast flestir við að Haukar og Grótta vinni sín einvígi 2-0 á móti tveimur reynslulitlum liðum en þar leynast skeinuhættir andstæðingar. Deildarmeistarar Hauka mæta Fylki en liðin eiga það sameiginlegt að hafa hvorugt unnið leik í úrslitakeppni undanfarin þrjú ár. Það munar vissulega átta sætum á liðunum en Haukarnir unnu samt báða leikina með aðeins tveimur mörkum. Fylkisliðið fór alla leið í undanúrslit bikarsins í vetur og er sýnd veiði en ekki gefin.

Íslandsmeistarar Gróttu hafa þegar misst deildarmeistaratitilinn til Hauka og bikarinn til Stjörnunnar og fyrsta skrefið í titilvörn þeirra á Íslandsmótinu er að mæta markadrottningunni Hrafnhildi Hönnu Þrastardóttur og félögum í Selfossi. Grótta vann báða innbyrðisleiki liðanna þrátt fyrir að Hrafnhildur skoraði samtals 22 mörk í þeim.

Það er áhyggjuefni fyrir sóknarleik Gróttu að öll hin sjö liðin skoruðu fleiri mörk í deildarkeppninni. Varnarleikur Gróttuliðsins var aftur á móti í sérflokki og það mun alltaf skila liðinu langt í úrslitakeppninni. **– óój**

## Nýjast

**Meistaradeild Evrópu, 8-liða úrslit**

### Man City - PSG 1-0

1-0 Kevin de Bruyne (76.).
***Man City er komið áfram í undanúrslit.***

### Real Madrid - Wolfsburg 3-0

1-0 Cristiano Ronaldo (16.), 2-0 Ronaldo (17.), 3-0 Ronaldo (77.).
***Real Madrid er komið áfram í undanúrslit.***

**Domino's-deild karla, undanúrslit**

### Tindastóll - Haukar 68-70

**Tindastóll:** Myron Dempsey 24/8 fráköst, Darrel Lewis 18, Pétur Rúnar Birgisson 16/6/5 stoðs., Ingvi Rafn Ingvarsson 3/5 stoðs., Svavar Birgisson 3, Helgi Rafn Viggósson 2/8 fráköst, Viðar Ágústsson 2.
**Haukar:** Brandon Mobley 16/16 fráköst, Kári Jónsson 15, Kristinn Marinósson 11, Haukur Óskarsson 11, Finnur Atli Magnússon 10, Emil Barja 6/7 stoðs., Kristinn Jónasson 1.
***Haukar vinna einvígið 3-1 og eru komnir í úrslit.***

**Undankeppni EM 2017**

### Hvíta-Rússland - Ísland 0-5

0-1 Margrét Lára Viðarsdóttir (14.), 0-2 Harpa Þorsteinsdóttir (24.), 0-3 Harpa (34.), 0-4 Harpa (54.), 0-5 Dagný Brynjarsdóttir (86.).
**Byrjunarlið Íslands:** Guðbjörg Gunnarsdóttir; Elísa Viðarsdóttir, Glódís Perla Viggósdóttir, Anna Björk Kristjánsdóttir, Hallbera Gísladóttir; Fanndís Friðriksdóttir, Sara Björk Gunnarsdóttir, Dagný Brynjarsdóttir, Elín Metta Jensen (60. Hólmfríður Magnúsdóttir); Margrét Lára Viðarsdóttir (84. Berglind Björg Þorvaldsdóttir), Harpa Þorsteinsdóttir (62. Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir).

### HAUKAR FJÖLMENNIR

Haukar áttu sex leikmenn af 14 í úrvalsliðum Olís-deildar karla og kvenna sem voru tilkynnt í gær á kynningarfundi fyrir úrslitakeppnina. Þjálfarar liðanna völdu liðin.

Fjórir af sjö í úrvalsliði karla koma úr Haukum en þetta eru þeir Giedrius Morkunas, Adam Haukur Baumruk, Janus Daði Smárason og Jón Þorbjörn Jóhannsson sem var valinn besti varnarmaðurinn. Theodór Sigurbjörnsson (ÍBV), Einar Rafn Eiðsson (FH) og Júlíus Þórir Stefánsson (Grótta) eru einnig í liðinu.

Úrvalslið kvenna er skipað þeim Írisi Björk Símonardóttur og Önnu Úrsúlu Guðmundsdóttur (Gróttu), Jónu Sigríði Halldórsdóttur og Ramune Pekarskyte (Haukum), Hrafnhildi Hönnu Þrastardóttur (Selfossi), Solveigu Láru Kjærnested (Stjörnunni) og Írisi Ástu Pétursdóttur (Val). Anna Úrsúla var valin besti varnarmaðurinn.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 17.55 | **West Ham - Man Utd** | Sport 4 |
| 18.30 | **A. Madrid - Barcelona** | Sport |
| 18.30 | **Benfica - B. München** | Sport3 |
| 18.30 | **Njarðvík - KR** | Sport 2 |
| 18.50 | **C. Palace - Everton** | Sport 5 |
| 20.45 | **Meistaradeildarmörk** | Sport |
| 21.00 | **Körfuboltakvöld** | Sport 2 |
| 19.30 | **Haukar - Fylkir** | Ásvellir |
| 19.30 | **Grótta - Selfoss** | Hertz-höllin |
| 19.30 | **Fram - ÍBV** | Framhús |
| 19.30 | **Stjarnan - Valur** | TM-höllin |
| 19.00 | **Valur - Breiðablik** | Valsvöllur |



ROLEX
MICHELSEN
ÚRSMIÐIR
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is



# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 13. apríl 2016

15. tölublað | 10. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL




## Vindur kominn í seglin á ný

Eftir erfiðleika á árunum 2010 til 2014 er nýsköpunarfyrirtækið Dohop í sóknarhug, að sögn Davíðs Gunnarssonar framkvæmdastjóra. Starfsmannafjöldi fyrirtækisins hefur tvöfaldast síðustu fjórtán mánuði. »6




»2
**Vinsæll í Þýskalandi**
Dagur Sigurðsson handboltaþjálfari er orðinn vinsæll fyrirlesari í atvinnulífinu.

»4
**Vill nýtt kjararáð**
Bolli Héðinsson vill að lífeyrissjóðirnir stofni kjararáð og að sameiginleg fjárfestingarstefna verði mótuð.

»8
**Svipmyndin: Baldur Þórhallsson**
Kennir kúrs um smáríki í Tallinn.

»10
**Hagfræðin í stjórnmálakreppu**
Lars Christensen skrifar um viðbrögð við stjórnmálakreppum.





## SKJÓÐAN

# Betra að telja upp að tíu

**MÖNNUM HÆTTIR TIL** að gera mistök í hita leiksins. Stundum er gott að telja upp að tíu áður en rokið er áfram. Íslenska þjóðin er núna í hita leiksins og ætti kannski að telja upp að tíu.

**ER ÞAÐ Í ÞÁGU** bestu hagsmuna þjóðarinnar að rjúka í kosningar á þessu ári? Er einhver tilbúinn í kosningar? Líkast til er hvorki stjórnarandstaðan né ríkisstjórnarflokkarnir, möguleg ný framboð eða þjóðin sjálf tilbúin í kosningar núna. Það er spurning hvort réttlætanlegt sé að leggja í mikil átök til að flýta kosningum um nokkra mánuði.

**STAÐA ÞJÓÐARBÚSINS** er þokkaleg núna. Jafnvægi er nokkuð gott og atvinnuleysi hverfandi. Ef frá eru taldir himinháir vextir er ekki sjáanleg nein bein ógn við heimilin í landinu að svo stöddu. Lífeyrissjóðirnir skila góðri ávöxtun. Staða fyrirtækja hefur batnað þó að hátt vaxtaumhverfi og launahækkanir valdi vanda hjá sumum minni fyrirtækjum. Ef við tækjum púlsinn á þjóðarbúinu myndi heilsan mælast yfir meðallagi góð.

**Í PÓLITÍSKU** hamfaraveðri síðustu viku báru tveir menn af. Forseti Íslands hafði trausta hönd á stýri og fjármálaráðherra hélt ró sinni, en naut vitanlega samanburðarins við fyrrverandi forsætisráðherra.

**UNDANFARI** hinnar viðburðaríku viku var Facebook-færsla frá eiginkonu forsætisráðherra um miðjan mars. Hefðu hlutirnir þróast öðruvísi ef færslan hefði byrjað „Eiginmaður minn var spurður út í spurningar sem tengjast félagi á mínum vegum. Hann brást rangt við og gekk út úr sjónvarpsviðtali ...“?

**STUNDUM GETUR VERIÐ** gott að telja upp að tíu. Væri ekki betra að ljúka kjörtímabilinu og kjósa til Alþingis eftir ár?

**ÞÁ VERÐUR** Bjarni Benediktsson búinn að leggja öll spil á borðið og skýra sitt mál. Hann verður búinn að endurnýja umboð sitt eða Sjálfstæðisflokkurinn búinn að velja sér nýjan formann.

**SAMFYLKINGIN** verður búin að útkljá leiðtogamál sín og undirbúa sig fyrir kosningar.

**FRAMSÓKNARFLOKKURINN** verður búinn að finna sér nýjan leiðtoga og mögulega endurreisa trúverðugleika gagnvart kjósendum.

**PÍRATAR** verða búnir að manna framboðslista sína, en það er ekkert áhlaupaverk að manna vel lista hjá framboði sem er líklegt til að fá fleiri en einn kjörinn fulltrúa í öllum kjördæmum landsins. Steingrímur J. Sigfússon verður búinn að tilkynna brottför úr stjórnmálunum og mögulega Ögmundur líka þannig að Katrín Jakobsdóttir þarf ekki að burðast með pólitísk lík í skottinu inn í kosningar.

**VERÐI KOSIÐ** á þessu ári er mjög líklegt að flest eða öll stjórnmálaöfl landsins verði illa undirbúin. Slíkt er ávísun á skammlífa ríkisstjórn og pólitísk upplausn, sem fylgir tíðum kosningum, er ekki í þágu þjóðarinnar.

## Á döfinni

**Fimmtudagur 14. apríl**
**VESTMANNAEYJABÆR** Breyting á uppgjörsdegi vegna ársreiknings 2015.
**LANDSBANKINN** Aðalfundur.

**Föstudagur 15. apríl**
**HAGSTOFA ÍSLANDS** Samræmd vísitala neysluverðs í mars 2016. Fiskafli mars 2016.
**VINNUMÁLASTOFNUN** Atvinnuleysistölur Vinnumálastofnunar.

**Mánudagur 18. apríl**
**FÍ FASTEIGNAFÉLAG** Aðalfundur FÍ fasteignafélags slhf.

**Þriðjudagur 19. apríl**
**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS** Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu.

**Miðvikudagur 20. apríl**
**HAGSTOFA ÍSLANDS** Vísitala byggingarkostnaðar fyrir maí 2016. Mánaðarleg launavísitala í mars 2016. Greiðslujöfnunarvísitala í maí 2016. Vísitala kaupmáttar launa í mars 2016. Vísitala lífeyrisskuldbindinga í mars 2016. Fjármálastöðugleiki 2016/1.
**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS** Vísitala leiguverðs á höfuðborgarsvæðinu.

**Mánudagur 25. apríl**
**HAGSTOFA ÍSLANDS** Kjötframleiðsla í mars 2016.
**MAREL** Uppgjör fyrsta ársfjórðungs.

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.,** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**
Umsjón **Jón Hákon Halldórsson** **jonhakon@365.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir** | Forsíðumynd **Anton Brink**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang visir.is



Dagur Sigurðsson vakti mikla athygli þegar Þjóðverjar urðu meistarar á EM í byrjun árs. FRÉTTABLAÐIÐ/EVA BJÖRK

# Kennir Þjóðverjum leiðtogahæfni

**Dagur Sigurðsson hefur staðið í ströngu við að halda fyrirlestra fyrir Þjóðverja frá því að hann varð Evrópumeistari í handbolta. Kemur til Íslands í næstu viku.**

„Það spurðist svolítið út að ég hefði verið með puttana í viðskiptum heima. Við erum að fagna fimm ára afmæli Kex sem ég átti þátt í að stofna. Svo hef ég verið með puttana í alls kyns rekstri alveg síðan ég opnaði Kofa Tómasar frænda í gamla daga,“ segir Dagur Sigurðsson, landsliðsþjálfari Þýskalands í handbolta. Hann segist á undanförnum árum hafa átt þátt í rekstri nokkurra félaga. Í dag sé hann með Lárusi Sigurðssyni, bróður sínum, í Bílanausti, og þá eigi hann lítið startup-fyrirtæki í Berlín sem heldur úti snjallforritinu Cuppodium.

Dagur segir að fréttir af rekstri hans hafi spurst út á svipuðum tíma og Þýskaland varð Evrópumeistari í handboltanum og áhuginn strax orðið mikill. „Það voru einhver fyrirtæki sem fóru strax af stað og vildu fá að vita hver mín nálgun væri á þennan bissness og íþróttaheiminn og hvað væri hægt að nota á hverjum stað til að komast hratt og örugglega í mark.“

Dagur hefur nú þegar meðal annars haldið fyrirlestur fyrir alla stjórnendur Deutsche Telekom (þar sem um 200 manns voru mættir til að hlýða á hann), Deutsche Credit bank og fleiri. Á mánudag heldur hann svo fyrirlestur á vegum Þýsk-íslenska viðskiptaráðsins á Hilton Reykjavík Nordica. En hann ætlar að stoppa stutt við hér á landi. „Ég verð nú bara í tvo til þrjá daga. Maður er enn þá í starfi sem þjálfari og maður verður víst að sinna því líka,“ segir hann.

> **Það voru einhver fyrirtæki sem fóru strax af stað og vildu fá að vita hver mín nálgun væri á þennan bissness og íþróttaheiminn og hvað væri hægt að nota á hverjum stað.**
> Dagur Sigurðsson handboltaþjálfari

Dagur byrjaði snemma að reyna fyrir sér í viðskiptum. „Ég var í Verzlunarskólanum og alltaf notaði maður fríin í það að vinna, annaðhvort í bókabúðinni hjá afa eða íþróttaverslunni hjá frænda. Sparta á Laugaveginum var svona lítil og sæt íþróttavöruverslun. Hjá Bókaverslun Lárusar Blöndal fékk maður að vinna í kringum jól og í öðrum fríum. Þannig að ég var fljótt kominn með puttana í bissness,“ segir Dagur.

Árangur Dags með þýska handboltalandsliðið hefur vakið mikla athygli þar í landi, einkum eftir að titillinn á EM 2016 var í höfn. Meðal annars hringdi Angela Merkel, kanslari Þýskalands, í Dag til að óska honum til hamingju.

**jonhakon@frettabladid.is**

SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR
ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN, MÚRARA OG PÍPARA SEM ERU KLÁRIR Í MIKLA VINNU.
HANDAFL EHF s. 777 2 333

## Vikan sem leið

**0,5**
**prósenta verðbólga**
Verðbólga í Bretlandi mældist 0,5 prósent í mars samkvæmt tölum frá hagstofu Bretlands. Verðbólga hækkaði um 0,2 prósent milli mánaða. Verðbólga hefur ekki verið hærri síðan í desember árið 2014, en er áfram langt undir tveggja prósenta verðbólgumarkmiði Englandsbanka. Forsvarsmenn bankans eiga von á að verðbólga haldist undir einu prósenti í ár.

**950**
**þúsund króna styrkur**
Gunnar Bragi Sveinsson veitti styrki úr utanríkisráðuneytinu að upphæð 950 þúsund krónur á síðasta degi sínum sem utanríkisráðherra. Alls styrkti hann fjögur félög vitandi að seinna um daginn yrði hann gerður að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í nýrri ríkisstjórn. Enginn hinna ráðherranna úthlutaði skúffufé sínu í síðustu viku.

**43,53**
**dollarar á tunnu**
Hrávöruverð á olíu hækkaði í gær og mældist þá það hæsta á árinu. Fram undan er fundur hjá helstu hagsmunaaðilum í olíuiðnaðinum á sunnudaginn. Brent-hráolía hækkaði um 1,4 prósent í gærmorgun og kostaði þá 43,53 dollara.




Volvo XC90 T8 býður upp á samsetningu af afli, eyðslu og losun sem ekki hefur verið í boði áður. Aflið er geysimikið eða 407 hestöfl og fæst með rafmótor og bensínvél. Hröðunin er 5,6 sekúndur frá 0-100 km/klst og togið er 640 Nm. Eldsneytiseyðsla T8 tvinnvélarinnar í blönduðum akstri er aðeins 2,1 l/100 km og $CO_2$ losunin er einungis 49 g/km. Frá því að Volvo XC90 var frumsýndur hefur hann fengið yfir 100 verðlaun um heim allan, þar á meðal titilinn bíll ársins 2016 á Íslandi. Volvo XC90 er fjórhjóladrifinn, 7 manna lúxusjeppi með mikla veghæð eða 23,7 cm undir lægsta punkt. Hann býr jafnframt yfir fullkomnasta öryggis-staðalbúnaðinum á markaðnum. Það kemur því ekki á óvart að hann var valinn öruggasti jeppinn í sínum flokki árið 2015 af umferðar- og öryggisstofnuninni Euro NCAP. Komdu í Brimborg og reynsluaktu bíl ársins 2016 á Íslandi. Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

# Vill að lífeyrissjóðir stofni kjararáð

**Formaður Samtaka sparifjáreigenda vill að lífeyrissjóðir komi á fót kjararáði til að hindra of há laun stjórnenda. Þá móti lífeyrissjóðir einnig sameiginlega fjárfestingarstefnu. Framkvæmdastjóri LSR efast um að samkeppnisyfirvöld yrðu hugmyndinni samþykk.**



Bolli Héðinsson vill að lífeyrissjóðir nýti sér stöðu sína á hlutabréfamarkaði til að koma í veg fyrir of há laun meðal stjórnenda og stuðla að siðlegum fyrirtækjarekstri. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Bolli Héðinsson, hagfræðingur og formaður Samtaka sparifjáreigenda, vill að lífeyrissjóðirnir komi á fót kjararáði til að sporna gegn of háum launagreiðslum og kaupaukum til stjórnenda. „Því skyldu lífeyrissjóðirnir ekki notfæra sér það afl sem þeir hafa sameiginlega og reyna að koma skikki á launakjör stjórnenda þeirra fyrirtækja sem þeir eiga í, í stað þess að búa við stöðugar hótanir stjórnenda um að þeir fari eitthvað annað, fái þeir ekki þau laun og kaupauka sem þeir krefjist?“ spyr Bolli.

Kjararáðið yrði sjálfstæð nefnd sem úrskurðaði um laun stjórnenda fyrirtækja í eigu lífeyrissjóða. „Kjararáð lífeyrissjóðanna myndi setja saman launatöflur fyrir stjórnendur og skipa þeim, hvort sem er í bönkum eða öðrum fyrirtækjum lífeyrissjóðanna, viðeigandi stað í launatöflum sem kjararáðið setur.“

Bolli segist ekki hafa áhyggjur af því að íslenskir stjórnendur myndu leita úr landi. „Ég veit að það er engin eftirspurn eftir íslenskum stjórnendum í útlöndum, nema manni og manni,“ segir hann.

Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, stærsta lífeyrissjóðs landsins, segir hugmyndina nýja og skoðunarverða. „Hún gengur hins vegar út á víðtækara samstarf milli lífeyrissjóða en er til staðar því hver og einn lífeyrissjóður kemur fram sem sjálfstæður fjárfestir. Ég hef ákveðnar efasemdir um að markaðurinn og samkeppnisyfirvöld myndu heimila þetta víðtæka samstarf lífeyrissjóðanna,“ segir hann.

Haukur segir þá hluthafastefnu sem LSR hafi samþykkt ganga út frá því að launakjör stjórnenda þeirra fyrirtækja sem lífeyrissjóðurinn eigi hlut í séu hófleg en í takti við það sem tíðkist hjá sambærilegum fyrirtækjum.

> **Ég veit að það er engin eftirspurn eftir íslenskum stjórnendum í útlöndum, nema manni og manni.**
>
> Bolli Héðinsson hagfræðingur

Bolli telur hins vegar ekki að samkeppnisyfirvöld muni setja sig upp á móti fyrirkomulaginu. Samtök atvinnulífsins reki til að mynda samræmda kjarastefnu.

Þá segir hann kaupauka geta verið góðra gjalda verða í fyrirtækjum sem sýsla með áþreifanlega hluti, en mjög sannfærandi rök hafi verið færð fyrir því að kaupaukar í fjármálafyrirtækjum skili litlu sem engu.

Bolli segir að lífeyrissjóðirnir ættu að mynda sér sameiginlega eigandastefnu, um það í hvernig fyrirtækjum þeir fjárfesti. „Til dæmis gæti það verið regla hér eftir að þeir fjárfesti ekki í fjármálafyrirtækjum sem veiti ráðgjöf um að setja upp fyrirtæki á Tortóla eða í öðrum skattaskjólum,“ segir Bolli. Auk þess ætti að vera ákveðin siðferðisviðmið uppi um þá stjórnendur sem séu í forsvari fyrir fyrirtæki í eigu lífeyrissjóða. ingvar@frettabladid.is


Sérfræðiþekking á fjölbreyttum þörfum fyrirtækja

Landsbankinn býður fyrirtækjum alhliða lausnir fyrir fjármál þeirra. Hjá okkur starfa tugir sérfræðinga um land allt sem sérhæfa sig í þjónustu við fyrirtæki í öllum helstu greinum atvinnulífsins.




# Óttuðust um rekstrarhæfi bankans

**Stjórnendur Landsbankans óttuðust árið 2010 að eiginfjárhlutfall bankans færi undir lögbundin mörk, sem eru átta prósent. Samkvæmt lögum á peningastefnunefnd Seðlabankans að vara við slíkum aðstæðum. Það gerði nefndin þó ekki.**

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@365.is

Stjórnendur Landsbankans óttuðust árið 2010 að dómar vegna gengistryggðra lána kynnu í versta falli að leiða til þess að eiginfjárhlutfall færi undir lögbundið lágmark, sem var þá átta prósent. Þetta var ástæða þess að ráðist var í sölu á eignarhaldsfélaginu Vestia til Framtakssjóðs Íslands árið 2010. Í bréfi Bankasýslu ríkisins til Landsbankans hinn 11. mars síðastliðinn, sem ritað er vegna sölu bankans á hlut sínum í Borgun, er vikið að sölu Landsbankans á Vestia. Salan á Vestia til FSI, sem var tilkynnt 20. ágúst 2010, var harðlega gagnrýnd á opinberum vettvangi, rétt eins og salan á Borgun. Að beiðni fjármálaráðuneytisins aflaði Bankasýsla ríkisins upplýsinga frá Landsbankanum um söluna með bréfi, dagsettu 20. janúar 2011.

Bankinn svaraði fyrirspurn Bankasýslunnar 27. janúar. Þar kom fram að á þessum tíma hefði verið mikil óvissa um lögmæti erlendra lána bankans sem hefði getað haft veruleg áhrif á eiginfjárstöðu hans. Taldi bankinn sér skylt að leita leiða við að efla eiginfjárstöðu sína án þess að leita til ríkissjóðs um fjárframlag og væri því óhjákvæmilegt annað en að hraða sölu eigna. Beindust sjónir fljótt að Vestia enda gæti slík sala verulega eflt eiginfjárstöðu bankans.

Markaðurinn óskaði í vikunni eftir afriti af bréfinu sem Landsbankinn sendi Bankasýslunni í janúar 2011, þar sem salan er útskýrð, en fékk synjun. Ástæðan er sú að bréfið „varðar samskipti bankans og stofnunarinnar sem bankinn telur að trúnaðarskylda hvíli á. Landsbankinn telur sér því ekki heimilt að afhenda fjölmiðlum afrit bréfsins.“

Hins vegar kemur fram í erindi sem Landsbankinn sendi Bankasýslunni hinn 11. febrúar síðastliðinn að bankinn hafi upplýst Fjármálaeftirlitið, Seðlabankann og hluthafa um stöðuna með skriflegum hætti sökum alvarleika málsins.

Upplýsingar um að stjórnendur Landsbankans óttuðust að eiginfjárhlutfall bankans kynni að fara undir lögbundið lágmark voru fyrst birtar almenningi þegar þetta bréf bankans, frá 11. febrúar, var gert opinbert. Engu að síður kveða lög Seðlabankans á um að ef peningastefnunefnd það svo að alvarleg hættumerki séu til staðar sem ógni fjármálakerfinu skuli hún opinberlega gefa út viðvaranir þegar tilefni er til.

Markaðurinn spurði Fjármálaeftirlitið út í málið og fékk þau svör að ekki yrðu veittar upplýsingar um málefni einstakra eftirlitsskyldra aðila. „Á hinn bóginn má geta þess að Fjármálaeftirlitið fylgdist sérstaklega náið með eiginfjárstöðu lánastofnana vegna óvissu um bókfært virði gengislána á umræddum tíma. Í athugun Fjármálaeftirlitsins á áhrifum gengislánadóma Hæstaréttar frá 16. júní 2010 kom í ljós að dekksta sviðsmyndin hefði haft veruleg neikvæð áhrif á eiginfjárstöðu lánastofnana en eins og kunnugt er varð sú sviðsmynd ekki að veruleika,“ segir í svarinu.




Landsbankinn seldi eignarhaldsfélagið Vestia til þess að efla eiginfjárstöðu í kjölfar gengislánadóma. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI

**Í athugun Fjármálaeftirlitsins á áhrifum gengislánadóma Hæstaréttar frá 16. júní 2010 kom í ljós að dekksta sviðsmyndin hefði haft veruleg neikvæð áhrif á eiginfjárstöðu lánastofnana.**

Úr svari Fjármálaeftirlitsins við fyrirspurn Markaðarins




JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Í öllum fyrirtækjum er nauðsynlegt að geta gengið að fjölbreyttum lausnum sem styðja við reksturinn. Við leggjum mikið upp úr persónulegum tengslum og vandaðri þjónustu.

**Vönduð fyrirtækjaþjónusta**

Hjá fyrirtækjaþjónustu Landsbankans leggjum við okkur fram við að koma til móts við þarfir fyrirtækja. Við horfum fram á veginn þegar kemur að viðskiptasamböndum og störfum með fyrirtækjum á ólíkum vaxtarskeiðum.

**Öflugar netlausnir**

Netbanki fyrirtækja er upplýsingaveita sem eykur yfirsýn og auðveldar stjórnendum ákvarðanatöku. Við bjóðum upp á greinargóðar innheimtuskýrslur, beintengingu við bókhaldskerfi og kortalausnir sem einfalda innkaup.

**Fjármögnun og eignastýring**

Við bjóðum ýmsar gerðir rekstrarlána, fjármögnum tækjakost, veitum fjárfestingalán og aðstoðum við fjármögnun á verðbréfamarkaði. Við ávöxtum fé og bjóðum virka eignastýringu fyrir eignir fyrirtækisins.

Pantaðu viðtal hjá sérfræðingum okkar í síma 410 5000 eða sendu okkur tölvupóst á netfangið fyrirtaeki@landsbankinn.is.

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 5000



Davíð Gunnarsson hefur verið framkvæmdastjóri Dohop í eitt ár, en starfað hjá fyrirtækinu frá ársbyrjun 2009, með eins árs hléi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Sprotafyrirtæki mega ekki gefast upp

**Tæknifyrirtækið Dohop verður tólf ára á árinu. Eftir erfiðleika á árunum 2010 til 2014 er fyrirtækið að fá vind í seglin á ný. Starfsmannafjöldi fyrirtækisins tvöfaldaðist síðustu fjórtán mánuði. Ferðaleitarvefurinn dohop.is er nú með milljón einstaklingsnotendur á mánuði og fer þeim sífellt fjölgandi. Nú sækist fyrirtækið sérstaklega eftir að markaðssetja sig gagnvart flugvöllum úti um allan heim.**

Sæunn Gísladóttir
saeunn@frettabladid.is



Viðburðaríkt ár er að baki hjá Dohop. Á síðastliðnum fjórtán mánuðum hefur starfsmannafjöldi fyrirtækisins tvöfaldast og félagið gert samninga við Gatwick-flugvöll og rússneska leitarrisann Yandex. Stefnt er að því að reksturinn verði á núlli í lok árs. Davíð Gunnarsson, framkvæmdastjóri Dohop, segir að fyrirtækið sem er tólf ára gamalt sé að fá vind í seglin á ný til að byggja upp áframhaldandi vöxt.

Dohop hlaut í síðustu viku Nýsköpunarverðlaun Íslands 2016. Verðlaunin eru veitt af Rannís, Íslandsstofu, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins, til fyrirtækja sem þykja hafa skarað fram úr í þróun nýrrar vöru eða þjónustu, sem byggð er á rannsóknar- og nýsköpunarstarfi og náðst hefur árangur með á markaði.

„Að fá verðlaunin er auðvitað frábært og afskaplega dýrmæt viðurkenning á því sem við höfum verið að gera undanfarin ár. Við erum að fá vind í seglin á ný eftir nokkurra ára tímabil þar sem við vorum ekki að vaxa eins hratt og við gátum en við erum komin aftur af stað,“ segir Davíð.

**Tvöföldun starfsmanna**

Í dag starfa þrjátíu manns á skrifstofu Dohop í Reykjavík. „Í byrjun árs 2015 vorum við með fimmtán starfsmenn, við ætluðum að ráða tíu á árinu en erum orðin þrjátíu núna. Við erum með starfsmenn frá sex löndum, sumir eru nýfluttir til Íslands og aðrir hafa búið á Íslandi lengi. Það er eðli svona fyrirtækis að starfsmannahópurinn sé alþjóðlegur, við erum með tvo starfsmenn frá Rússlandi, einn frá Hvíta-Rússlandi, tvo frá Þýskalandi, einn frá Bretlandi og einn frá Víetnam,“ segir Davíð.

Fyrirtækið rekur ferðaleitarvefinn dohop.is en þar má finna flug, hótel og bílaleigubíla. Starfsemin skiptist í grófum dráttum í tvennt, að sögn Davíðs.

„Við erum annars vegar með vefinn okkar og öpp þar sem einstaklingar geta leitað að flugi eða hótelum og hins vegar með fyrirtækjahliðina, þar erum við að semja við flugfélög og flugvelli hvar sem er í heiminum.“

Dohop er með um milljón einstaklingsnotendur á mánuði. Tíu prósent þeirra eru Íslendingar en níutíu prósent koma að utan. „Ísland er mjög mikilvægur markaður fyrir okkur. Stærstu markaðir utan Íslands eru Bandaríkin, Bretland, Sádi-Arabía, Rússland og Þýskaland. Bandaríkin eru núna stærsti markaðurinn utan Íslands og sú breyting hefur orðið að Þýskaland fór úr 15. til 20. sæti í þriðja eða fjórða. Utan Íslands erum við fyrst og fremst að markaðssetja vefinn okkar í Þýskalandi ásamt því að líta til Bandaríkjanna og Bretlands,“ segir Davíð.

**Fjórðungur tekna frá Rússlandi**

Á síðasta ári gerði Dohop tvo stóra fyrirtækjasamninga. Í september var greint frá því að Dohop hefði tekið upp samstarf við rússneska leitarrisann Yandex með þeim hætti að flugverð frá Dohop birtist nú á flugleitarvef Yandex. Yandex er eitt stærsta internetfyrirtæki Evrópu. Framkvæmdar eru um 150 milljón leitaraðgerðir daglega á síðunni. Davíð segir að Yandex sé nú að skila Dohop sem nemur um einum fjórða af tekjum fyrirtækisins.

**55%**

**tekjuaukning hefur orðið hjá Dohop það sem af er ári.**

**Dohop hefur í raun aldrei verið eins gagnlegt tól fyrir Íslendinga og nú. Tuttugu og fimm flugfélög munu fljúga til Íslands í sumar. Það gengur ekkert upp að fara á tuttugu og fimm vefsíður og bera verð saman þannig.**

Dohop gerði einnig samning við Gatwick-flugvöll í London sem felur í sér að Gatwick nýtir tækni Dohop í GatwickConnects-þjónustunni. Með þjónustunni eru farþegar, sem nýta sér tengiflug í gegnum flugvöllinn, tryggðir fyrir kostnaði sem kynni að verða þegar flugi seinkar eða því er aflýst. Gatwick er orðinn gríðarlega stór flugvöllur með um fjörutíu milljónir farþega á ári, samanborið við að Keflavík ætlar að taka á móti rúmlega sex milljónum á árinu.

**Í viðræðum við sex flugvelli**

„Gatwick-samstarfið gengur mjög vel, bókunum fjölgar daglega. Þetta samstarf er afar heppilegt fyrir okkur, sérstaklega í ljósi þess að samningurinn sem við gerðum hefur leitt af sér viðræður við sex aðra flugvelli. Nokkra í Evrópu, einn í Bandaríkjunum og tvo í Asíu. Við byggjum það á velgengninni í Gatwick,“ segir Davíð.

Dohop var stofnað árið 2004 og verður því tólf ára gamalt á árinu. Fyrirtækinu gekk vel í upphafi og sérstaklega var mikið að gerast árin 2008 til 2009 þegar Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins fjárfesti í því. Davíð hefur starfað hjá Dohop frá ársbyrjun 2009, að undanskildu árinu 2013 þegar hann starfaði um skeið hjá HF Verðbréfum, en hann tók við sem framkvæmdastjóri Dohop fyrir rúmu ári. Hann segir að árin 2010 til 2014 hafi verið fyrirtækinu erfið.

„Vorið 2010 var tekin ákvörðun um að sækja ekki meira fé til hluthafa og koma rekstrinum í hagnað. Á þeim tíma var það nauðsynleg ákvörðun byggð á aðstæðum. Svo gerðist það að Jón Tetzchner fjárfesti í félaginu í október 2013. Það var í raun og veru þá sem við sáum loksins fram á að komast af stað aftur af krafti. Við fórum svo í hlutafjáraukningu í ágúst 2014 og höfum aukið við hlutafé tvisvar síðan þá,“ segir Davíð.

**55% tekjuaukning**

Síðustu ár hefur Dohop sótt um og unnið þróunarverkefni á styrkjum frá Rannís. Davíð telur þetta ýta undir vöxt hjá fyrirtækinu. „Í fyrra var tekjuvöxtur okkar 35 prósent, en núna á fyrstu þremur mánuðum ársins var hann 55 prósent. Við sáum hraðari vöxt árið 2015 en árið 2014 og sjáum fram á enn hraðari vöxt í ár. Við ætlum að tvöfalda tekjurnar á árinu og það verður þess vegna meiri vöxtur á síðari hluta ársins,“ segir Davíð.

„Notendum fjölgar stöðugt hjá okkur. Nú er hins vegar ekki eins mikil fjölgun í notendum á vefnum okkar og í leitum í gegnum aðila eins og Yandex. Það er líka áhugavert að þrátt fyrir að fyrirtækið sé búið að vera til í tólf ár er alltaf þrjátíu til fjörutíu prósenta aukning í fjölda notenda frá Íslandi á hverju ári. Að einhverju leyti er augljóst af hverju það er aukning frá Íslandi enda hefur ferðalögum Íslendinga fjölgað gríðarlega frá hruni og þau nánast orðin eins og árið 2007.“

**Gagnlegt fyrir Íslendinga**

„Dohop hefur í raun aldrei verið eins gagnlegt tól fyrir Íslendinga og nú. Tuttugu og fimm flugfélög munu fljúga til Íslands í sumar. Það gengur ekkert upp að fara á tuttugu og fimm vefsíður og bera verð saman þannig. Eftir því sem fleiri flugfélög fljúga hingað, því nytsamlegri verður vefurinn fyrir Íslendinga.“

Eins og áður var nefnt býður Dohop einnig upp á leit að hótelherbergjum. Að sögn Davíðs er gríðarlegur vöxtur í hótelbókunum um þessar mundir. „Fjöldi hótelbókana

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ
13. APRÍL 2016 MIÐVIKUDAGUR



Snorri Ásmundsson.



Lóa Hjálmtýsdóttir.



Ómar Hauksson.



Halldór Baldursson.

# PLAKÖT EFTIR ÍSLENSKA LISTAMENN

**Svartir sunnudagar** hafa staðið fyrir költmyndasýningum í Bíói Paradís í fjóra vetur. Íslenskir listamenn hafa hannað kvikmyndaplaköt fyrir sýningarnar. Sýning á plakötunum verður opnuð á laugardag.



Hugleikur við hluta plakatanna sem verða til sýnis á laugardaginn. MYND/ERNIR

„Kvikmyndanördar hafa sérstaklega mikinn áhuga á því að sjá nýja hlið á sínum uppáhaldskvikmyndum. Pæling mín þegar við byrjuðum með Svarta sunnudaga var því að láta íslenska listamenn sjá um plakötin en það hefur til dæmis verið siður í Póllandi," segir Hugleikur Dagsson, einn af stofnendum költmyndaklúbbsins Svartra sunnudaga.

„Ég hafði því samband við listamenn fyrir hverja sýningu og spurði hvort þeir væru í stuði til að gera plakat. Ég þurfti hálft í hvoru að brjóta eigin prinsipp því ég gat aldrei borgað neitt fyrir," segir Hugleikur glettinn. Langflestir voru þó til, enda verkefnið skemmtilegt.

„Fyrirvarinn var allt frá nokkrum mánuðum og niður í viku," segir Hugleikur sem bendir á að það sé flóknara en margir haldi að fá réttindi til að sýna kvikmynd, sér í lagi gleymdar költmyndir. „Stundum er rétturinn týndur, í eigu einhverra sérvitringa eða í höndum ættingja. Það er höfuðverkur stelpnanna í Bíói Paradís að finna út úr því, minn höfuðverkur er að finna nýjan listamann fyrir hvert plakat," segir Hugleikur og það hefur tekist í öll skipti utan tveggja.

Hugleikur reynir að fá nýjan listamann í hvert sinn. „Stundum hef ég þó leitað til sömu listamanna þegar ég er í miklu tímahraki," segir Hugleikur. Hann er glaður þegar listamenn hafa samband við hann að fyrra bragði.

Mörg plaköt eru Hugleiki eftirminnileg. „Ég bað Snorra Ásmundsson, gjörningalistamann og myndlistarmann, að hanna plakat fyrir The Night of the Hunter. Hann sendi mér það í tölvupósti og fyrsta hálftímann fannst mér þetta hræðilegt plakat, en allt í einu fattaði ég að þetta væri besta plakat í heimi," segir Hugleikur en Snorri hafði tekið plakat fyrir fyrstu Star Wars myndina og skipt út andlitum aðalleikaranna. „Þetta var eitt stórt fokkjú, en samt svo fallegt."

Annað eftirminnilegt plakat er það sem Lóa Hjálmtýsdóttir gerði fyrir Veggfóður. „Í myndinni er frasinn „passaðu þig á krókódílamanninum" frægi. Lóa teiknaði því krókódíl með hatt og skjalatösku." Hugleikur hefur sjálfur fest kaup á nokkrum plakötum. „Til dæmis því sem Halldór Baldursson gerði fyrir Mad Max 2 og því sem Evana Kisa gerði fyrir Akira."

**Sýningin á plakötunum verður opnuð í Bíói Paradís á laugardaginn klukkan 17. Hægt verður að festa kaup á plakötunum sem kosta 10 þúsund krónur. Sýningin stendur fram á sumar.**

TEXASBORGARAR
BLT-SAMLOKA MEÐ FRÖNSKUM
1.490 KR.
Alsæla með spældu eggi
og bernaise fyrir klink


2 FYRIR 1
af BLT-samloku með frönskum gegn framvísun þessa miða. Aðeins 1.490 kr. fyrir tvo. Klipptu miðann út og taktu með þér. Gildir til 25. maí 2016.
Nánari upplýsingar á Texasborgarar.is og Facebook




VORFRAKKAR
Skoðið laxdal.is
BERNHARÐ LAXDAL
Laugavegi 63 • S: 551 4422
Vertu vinur á Facebook






„Mig minnir að við höfum spilað síðast saman á skólaballi fyrir vestan á síðustu öld. Í minningunni var það mikið stuð," segir Franz Gunnarsson úr Ensími (t.h.). Vilhelm Anton Jónsson úr 200.000 naglbítum er við hlið hans. MYND/ANTON BRINK

# ALLTAF VANDAÐ OKKUR MJÖG MIKIÐ

Tvennir sameiginlegir rokktónleikar **Ensími** og **200.000 naglbíta** verða haldnir í Reykjavík og Akureyri á næstu dögum. Mikil spenna er í herbúðum beggja sveita enda langt síðan þær hafa spilað saman.

Hljómsveitirnar Ensími og 200.000 naglbítar halda sameiginlega tónleika í Reykjavík og á Akureyri á morgun fimmtudag og á föstudag. Báðar sveitirnar hafa starfað með hléum í tæplega 20 ár og sett mark sitt á íslenska rokksenu með eftirminnilegum hætti. Það eru mörg ár síðan þær spiluðu saman á tónleikum síðast, að sögn þeirra Franz Gunnarssonar, gítarleikara og söngvara Ensími, og Vilhelms Antons Jónssonar, söngvara og gítarleikara 200.000 naglbíta. „Við höfum þekkst lengi enda voru þessar hljómsveitir stofnaðar á svipuðum tíma. Frumburður beggja sveita kom líka út árið 1998; við gáfum út Neóndýrin og Ensími gaf út Kafbátamúsík," segir Vilhelm.

Hugmyndin að spila saman á tónleikum er ansi gömul að sögn Franz en þar sem þetta er mjög upptekinn hópur tók nokkurn tíma að finna heppilegar dagsetningar. „Mig minnir að við höfum spilað síðast saman á skólaballi fyrir vestan á síðustu öld. Í minningunni var það mikið stuð og fjörið verður væntanlega engu minna á þessum tvennum tónleikum."



Ensími og 200.000 naglbítar spila gamla smelli í bland við nýtt efni í Reykjavík og á Akureyri. SAMSETT MYND/STEFÁN KARLSSON OG BIRTA RÁN BJÖRGVINSDÓTTIR

## NÓG AF LÖGUM TIL

Tilhlökkunin er mikil í hópnum að sögn Franz. „Það er frábært að geta loksins spilað saman enda erum við allir vinir sem gerir þetta sérstaklega skemmtilegt. Ég á því von á frábærum tónleikum. Við ætlum að hefja þá kl. 22 til að gefa fólki sem getur að öllu jöfnu ekki hangið fram eftir tækifæri á að skella sér á góða tónleikastund."

Úr nægu efni er að velja eftir nær tveggja áratuga starf. Franz segir þá félaga í Ensími flytja lög af öllum fimm plötum hljómsveitarinnar og þekktustu slagararnir fá að sjálfsögðu sitt pláss. Vilhelm tekur í svipaðan streng og segir þá félaga ætla að spila þekktar Naglbítaperlur. „Þetta verða lög af öllum plötum okkar og að sjálfsögðu munum við spila þekktustu lög okkar auk þeirra laga sem við sjálfir höldum mest upp á. En við ætlum líka að spila nýtt stöff, jafnvel þrjú eða fjögur ný lög. Það er ótrúlega gaman að spila lög sem fólk þekkir en það eru allt aðrar tilfinningar í gangi þegar við spilum ný lög. Þá eru tónleikagestir að heyra þau í fyrsta skiptið og móta sér skoðun á staðnum."

## ALLTAF VERIÐ RÓLEGIR

Ensími gaf út plötuna Herðubreið fyrir rúmlega ári sem fékk góða dóma. Að sögn Franz eiga þeir fullt af óútgefnu efni og alltaf eru að fæðast nýjar lagahugmyndir. Því megi alveg búast við frekari útgáfu í nánustu framtíð.

Öllu lengra er síðan Naglbítarnir gáfu út nýtt efni en síðasta breiðskífa sveitarinnar kom út árið 2003 sem er allt of langur tími að sögn Vilhelms. „Við höfum alltaf farið rólega í allt svona og vandað okkur mjög mikið. Þessar plötur verða allar til eftir 100 ár svo það er eins gott að vera ekki að elta einhverjar tískur og gera eitthvað sem manni líður ekki vel með. Við hugsum þetta þannig að við viljum geta tekið plöturnar okkar fram eftir 50 ár, sett á fóninn og verið stoltir af þeim."

Fyrri tónleikarnir verða á morgun fimmtudag á Gauknum í Reykjavík. Seinni tónleikarnir verða á Græna hattinum á Akureyri á föstudag. Báðir tónleikarnir hefjast kl. 22. Miðasalan á fyrri tónleikana fer fram á tix.is en á midi.is vegna seinni tónleikana.

**starri@365.is**

**Nánari upplýsingar um hljómsveitirnar má finna á Facebook og rifja má upp gömlu góðu lögin á Spotify en þar má finna allar plötur beggja sveita án endurgjalds.**

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar |** Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson |** Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357 **|** Sölumenn: **Atli Bergmann,** atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage,** johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429

TOYOTA
Baldursnes 1 Akureyri
Sími 460 4300
www.toyotaakureyri.is


HYUNDAI Ix35 Comfort 2.0 dísel . 4/2015,35þ.km,dísel, sjálfskiptur. Verð 4.990.000.Skipti ód. Rnr.123139.


TOYOTA Auris TS Active 1.4 dísel. 9/2014, 13þ.km,dísel, 6 gírar. Verð 3.690.000.Skipti ód. Rnr.132889.


TOYOTA Corolla Active 1.6. 6/2014, 29þ.km,bensín, 6 gírar. Verð 3.290.000.Skipti ód. Rnr.122983.


TOYOTA Auris Terra 1.33. 6/2014, 38þ. km, bensín, 6 gírar. Verð 2.690.000. Skipti ód.Rnr.122979.


TOYOTA Hilux dlx d/c 2.5. 3/2016, ekinn 100 km,dísel, 5 gírar. Verð 5.960.000. Sýningarbíll hjá Toyota Ak.Rnr.201013.


LEXUS Rx450h EXE. 4/2014, 21þ. km,bensín,sjálfskiptur,svart leðurVerð 10.790.000.Skipti ód. Rnr.123145.


TOYOTA Land Cruiser 150 VX. 6/2014, 46þ.km,dísel, sjálfskiptur. Verð 10.690.000.Skipti ód. Rnr.123075.


TOYOTA Land Cruiser 120 LX 38". 5/2005,207þ.km,dísel,6 gírar. Verð 4.390.000. Skipti ód.Rnr.119300.

**Toyota Akureyri**
**Baldursnes 1, 600 Akureyri**
**Sími: 460 4300**
**Opið virka daga 9-18 og lau 11-14**

567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS
BÍLAHÖLLIN
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK


POLARIS Rzr xp 1000 dohc turbo. Árgerð 2016, Nýr bensín, sjálfskiptur. Verð 4.990.000.Dekk og felgur fylgja Rnr.115175.


HONDA Cbf 1000 a. Árgerð 2007, ekinn 7500 KM, bensín, . Verð 1.190.000. Ein eigandi Rnr.115198.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

bílasala 100bílar.is


Infiniti FX 35, 11/2005, ek 119 þús km, bensín, einn eigandi, mjög fínt eintak, ásett verð í skiptum 2.490 þús, tilboðs verð 1.990 þús, er á staðnum, raðnr 152402.

**100 bílar ehf**
**Í miðbæ Mosfellsbæjar,**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18.00 virka daga og laugardaga 11-15**
**www.100bilar.is**

## 500-999 þús.


**SJÁLFSKIPTUR - LÍTIÐ EKINN**
Opel Astra 1.6 árg '03. ek. aðeins 144þús km. Sjálfskiptur. ný sko '17. ný heilsársdekk. ný yfirfarinn af verkstæði. mjög heill og góður bíll. Tilboðsverð aðeins 590þús. möguleiki á allt að 100% vísaláni. s:659-9696


**MJÖG EYÐSLUGRANNUR**
VW Fox 1,2 árg '07. ek 140þús km. tímakeðja. skoðaður, heilsársdekk. beinskiptur. topplúga. samlitaður. álfelgur. virkilega sparneytinn bíll. Ásett verð 890þús. Tilboðsverð aðeins 590þús. allt að 100% vísalán í boði. uppl í s:659-9696


**OCTAVIA - TOPPEINTAK**
Skoda Octavia 1.6 station. árg '03. ek aðeins 162þús km. ný skoðaður '17. ný smurður. ný yfirfarinn á verkstæði. nýleg dekk. lýtur vel út og er í mjög góðu ástandi. TILBOÐSVERÐ 590þús. allt að 100% vísalán í boði. uppl í s:659-9696


**SJÁLFSKIPTUR - 100% VÍSALÁN**
Chevrolet Lacetti 1.8 árg '05. ek aðeins 128þús km. ssk. ný tímareim. nýleg vetrardekk. 5dyra. mjög eyðslugrannur og góður bíll. Ásett: 890þús. Tilboðsverð aðeins 590þús stgr. 100% vísalán í boði. s:659-9696

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Kerrur


**VÉLAKERRA MEÐ RAMPI**
Til sölu vélakerra með rampi. Burðargeta 1200 kg. Verð kr. 380.000,- +vsk. Upplýsingar í síma 892 7512

## Hjólbarðar

VAKA


**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir

Startarar & alternatorar
í bíla, báta og vinnuvélar


Bílaraf
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

**JAPANSKAR VÉLAR EHF. BÍLAPARTASALA**
Erum að rífa flestar teg. frá asíu og evrópu árg. '99-14. Kaupum flestar teg. bíla. Opið 8-18 virka daga. Dalshraun 26, 220 hfj. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is

## Viðgerðir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

# ÞJÓNUSTA

## Garðyrkja

Felli tré, grisja og klippi runna. Halldór garðyrkjum. Sími 698 1215

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

## Bókhald

HSE Bókhald & Uppgjör slf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

**Bókhald**
- Skattframtöl einstaklinga
- Skattframtöl fyrirtækja
- Bókhald einstaklinga og fyrirtækja
- Bókhald húsfélaga
- Laun og skilagreinar
- Stofnun fyrirtækja

Sanngjarnt verð
Bókhaldsþjónustan Viðvík ehf
Síðumúla 1 108 Reykjavík
581-1600 • www.vidvik.is

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**REGNBOGALITIR**
Þakmálun, útimálun, múrviðgerðir. Innimálun, spörtlun, viðhaldsþjónusta. Vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. S.891 9890 malarar@simnet.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Húsaviðhald

k2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR


Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is



Sólpalla og parketslípun um allt land. Www.parketslipunmeistarans.is Sjáið myndir á Facebook. Parketslípun Reykjavíkur 7817200

**NÚ ER RÉTTI TÍMINN FYRIR VIÐHALD**
Við tökum að okkur allt viðhald og sólpallasmíði. Valur Kristjánsson húsasmíðameistari. Sími 770 7788

## fasteignir

# GARÐASTRÆTI 44 101 RVK.



Glæsileg efri sérhæð og ris ásamt bílskúr. Samtals 234,7 fm. Húsið er sérlaga fallegt fúnkishús sem var teiknað af Sigmundi Halldórssyni arkitekt fyrir bræðurna Sverri og Guido Bernhöft árið 1941. Húsið hefur nýlega verið múrviðgert og endursteinað og skipt um flesta glugga ásamt því að dren og skólplagnir hafa verið endurnýjaðar og lóð endurgerð með hitalögnum.

Á hæðinni skiptist eignin í hol, eldhús, þrjár stofur, hjónaherbergi og bað. Í risi eru þrjú herbergi og baðherbergi. Í kjallara eru geymslur og þvottahús. Hæð og ris ásamt sérgeymslum er 212,1 fm og bílskúrinn er 22,6 fm.

Frábær eign á rólegum stað í miðborginni. Húsið fékk umhverfisverðlaun Reykjavíkurborgar fyrir endurbætur á eldra húsi árið 2011.
**Verð: Tilboð**

EIGNAMIÐLUN
Sala fasteigna frá 1957
588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

## til sölu



## Helstu viðburðir í sögu Dohop



**2004**
- Félagið stofnað – **Frosti Sigurjónsson** framkvæmdastjóri

**2006**
- Travelmole-verðlaun – **Best Technology Site**

**2008**
- Fjárfesting frá Nýsköpunarsjóði

**2009**
- Samningur við flugfélagið **Emirates**
- Framhaldsfjárfesting frá Nýsköpunarsjóði

**2010**
- Samningur við flugfélagið **Virgin Atlantic**
- **Kristján Guðni Bjarnason** verður framkvæmdastjóri



**2011**
- Samningur við **Malpensa**-flugvöll í Mílanó

**2012**
- Íslensku vefverðlaunin – **Besti þjónustu- og upplýsingavefurinn**

**2013**
- **Jón Tetzchner** verður hluthafi



**2014**
- World Travel Award – **World's Leading Flight Comparison Website**
- Hlutafjáraukning meðal núverandi hluthafa

**2015**
- **Davíð Gunnarsson** verður framkvæmdastjóri
- Hlutafjáraukning meðal núverandi hluthafa



- Samningur við **Gatwick**-flugvöll í London
- Samningur við rússnesku leitarvélina **Yandex**
- USA Today – **Best app/website for transportation**
- World Travel Awards – tilnefning: **World's Leading Flight Comparison Website**

**2016**
- Hlutafjáraukning meðal núverandi hluthafa
- Eyefortravel-verðlaun – tilnefningar: **Best Mobile App & Best Mobile UX**
- Nýsköpunarverðlaun Íslands

**Þrátt fyrir að vera tólf ára gamalt fyrirtæki fjölgar notendum á Íslandi um 30 til 40 prósent árlega.**




**Dohop gekk til samninga við Gatwick-flugvöll í fyrra.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

á mánuði hjá okkur er kannski bara tíu prósent af öllum bókunum. Margir sem maður hittir á Íslandi segjast bóka flugið með Dohop en ekki hótel. En þeir eru í auknum mæli að nýta síðuna til hótelbókana. Íslendingar standa fyrir 85 prósentum af hótelbókunum okkar, en töluvert minna af flugbókunum. Hótelvöxturinn hjá okkur er nú sjötíu til áttatíu prósent milli ára. Það er eftir meiru að slægjast fyrir okkur á þeim markaði en meðal hótelbókun skilar okkur þrjátíu evrum í þóknun miðað við tíu evrur í flugi.“

### Á núlli 2017

Dohop hefur á þessum árum þó ekki skilað hagnaði. Árið 2014 tapaði Dohop 22,5 milljónum króna, samkvæmt rekstrarreikningi. Davíð segir að árið 2015 hafi verið enn meira tap, upp á 130 milljónir króna. „Það var brjálæðislegt tap á síðasta ári. Þetta fyrirtæki snýst um skala, snýst um að vera stórt. Gestir á vefinn voru of fáir, tekjurnar of lágar og félagið of lítið til að ná stærðarhagkvæmni. Við erum á leiðinni þangað núna og þess vegna fjárfestum við mikið. Við munum kannski tapa helmingi minna á þessu ári og viljum vera við núllið árið 2017. Við munum ekki skila hagnaði fyrr en síðar, vöxturinn þarf að halda áfram og við ætlum að fjárfesta allan hagnað í áframhaldandi vöxt. Þetta snýst bara um það, við verðum bara að ná upp alvöru skala,“ segir Davíð.

Í dag er Dohop með eina skrifstofu í Reykjavík, en var um tíma með skrifstofu í Noregi. „Við reyndum að vera með starfsemi í Noregi árið 2012 og svo settum við töluvert fjármagn í að reyna það aftur í lok árs 2013. Það gekk vel en síðan höfðum við ekki fjármagn í að halda áfram. Það hefur stundum plagað fyrirtækið að vera ekki nógu vel fjármagnað.“

**Við munum ekki skila hagnaði fyrr en síðar, vöxturinn þarf að halda áfram og við ætlum að fjárfesta öllum hagnaði í áframhaldandi vöxt.**

**130**

**milljónir króna tap varð á rekstri Dohop árið 2015.**

### Sækja á erlenda markaði

Davíð sér þó fram á að fyrirtækið opni aftur skrifstofur eða útibú erlendis. „Það er mikilvægt að ná í fjármagn sem leyfir okkur að fókusera á reksturinn til lengri tíma. Maður gerir fullt af mistökum, maður fer fullt af röngum leiðum, það er bara partur af því að vera í nýsköpun. Við eyddum örugglega þrjátíu milljónum í þetta í Noregi áður en við sáum það að þrjátíu milljónir ná mjög stutt þar. Maður þarf gríðarlega djúpa vasa og mikla þolinmæði til að ná árangri á erlendum mörkuðum.

Nýsköpunarfyrirtæki ná árangri ef þau gefast ekki upp. Það má ekki gefast upp. Í seinna skiptið í Noregi gekk miklu betur því við vorum þá með lókal manneskju. Núna erum við með Þjóðverja í vinnu við markaðssetningu í Þýskalandi og gestafjöldi þaðan hefur fjórfaldast samanborið við síðasta ár. Eitt sem við lærðum í Noregi var líka að markaðurinn þar er of lítill fyrir okkur og Þýskaland er auðvitað mun stærri markaður. Við erum ekki alveg með nógu mikið fjármagn til þess að keyra á fullu þar en það stendur til bóta,“

Davíð sér fram á að halda áfram að ráða fólk til að ýta undir vöxtinn. „Ég hugsa að á næsta ári munum við stækka um tíu manns, en ég sagði það líka fyrir ári og við enduðum á því að ráða fimmtán manns. Það er alltaf svo áríðandi í svona fyrirtækjum að fara eins hratt og maður mögulega getur.“

VIÐ PRENTUM



Umbúðir • Bækur • Tímarit • Fyrir skrifstofuna • Bæklingar • Fjölpóstur • Kynningarefni • Dagblöð • Stafrænt • Allskonar!

ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

Suðurhraun 1 | Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is

# Var í Bretlandi á róstusömum tíma

**Baldur Þórhallsson prófessor vakti athygli þegar hann greindi stjórnmálaástandið í beinni á Stöð 2. Hann skrifaði doktorsverkefni um smáríki í ESB og vildi átta sig á því hver áhrif Íslands gætu orðið þar innanborðs. Bjó í Bretlandi í valdatíð Johns Major forsætisráðherra.**

## SVIPMYND

**BALDUR ÞÓRHALLSSON**

Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, vakti athygli fyrir vasklega framgöngu þegar hann greindi stjórnmálaástandið í beinni útsendingu fréttastofu Stöðvar 2 í síðustu viku. Það var ein eftirminnilegasta atburðarás í íslenskri stjórnmálasögu. Markaðurinn sló á þráðinn til þess að forvitnast meira um þennan mann.

„Ég sit hérna á flugvelli erlendis og er að bíða. Ég er að fara að kenna í Tallinn um smáríki," segir Baldur þegar Markaðurinn nær tali af honum. „Þeir hafa enn þá þá trú í Talinn að smáríki geti áorkað einhverju í heiminum," segir hann léttur í bragði. Baldur byrjaði að kenna sem stundakennari í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands 1995. Hann var svo ráðinn lektor árið 2000.

„Ég kláraði doktorsritgerð frá háskólanum í Essex á Englandi 1999. Og ég var svo heppinn að það var auglýst staða um svipað leyti við deildina," segir hann. Þótt Baldur hafi í síðustu viku haft hugann allan við íslensk stjórnmál og stjórnskipan hefur hann þó mesta áherslu lagt á Evrópusambandið í sínum fræðastörfum. „Ég skrifaði um möguleika smáríkja til áhrifa innan Evrópusambandsins og fjallaði þá um sjö smærri ríki sem þá voru aðilar að sambandinu," segir Baldur, aðspurður hvert efni doktorsverkefnis hans hafi verið.

„Ástæðan fyrir því að ég valdi mér þetta viðfangsefni var að mig langaði til að átta mig á því hver staða Íslands yrði innan sambandsins og hverjir væru möguleikar Íslands til áhrifa," segir Baldur. Hann bendir á að það sé ekki hægt að gera rannsókn á þessu viðfangsefni út af fyrir sig. „En ég skrifaði meistararitgerð frá sama skóla um stöðu Írlands í sambandinu. Svo ákvað ég að rannsaka önnur smáríki í sambandinu í doktorsritgerðinni til þess að reyna að átta mig á því hvort Íslendingar gætu komið sínum lykilmálum á framfæri innan sambandsins og haft áhrif."

Baldur segir niðurstöðuna í mjög stuttu máli hafa verið þá að í þeim málaflokkum sem smáríki einblína á geta þau mjög auðveldlega varið sína hagsmuni og haft áhrif í þeim. „Hins vegar gerir smæðin það að verkum að þau geta ekki verið að skipta sér af öllum málum innan sambandsins. Þau verða að forgangsraða mjög stíft og einblína svo á lykilhagsmuni." Baldur bjó um árabil í Bretlandi á meðan hann stundaði nám og lætur vel af þeirri reynslu.

„Ég bjó í Bretlandi frá 1992 til '95 og fór síðan aftur í eitt ár frá 1997 til '98 til að klára doktorsritgerðina." Hann bendir á að fyrstu þrjú árin sem hann bjó úti hafi John Major verið forsætisráðherra og mikið gengið á. „Það leið varla mánuður að einhver ráðherra segði ekki af sér vegna einhverra skandala. Og það var mikil ólga í bresku samfélagi," segir Baldur, en engu að síður hafi verið dásamlegt að búa þar. „Ég var dálítið í London vegna þess að ég var dálítið mikið á bókasafninu í London School of Economics við skriftir," segir hann og bætir því við að það sé mjög gaman að búa erlendis um tíma og geta sett sig inn í þjóðfélagsmál annars staðar.

jonhakon@365.is



**Ástæðan fyrir því að ég valdi mér þetta viðfangsefni var að mig langaði til að átta mig á því hver staða Íslands yrði.**

Baldur Þórhallsson



# Þingrof hefði getað haft neikvæð áhrif

**Sendinefnd AGS telur efnahag Íslands standa traustum fótum. Nú séu kjöraðstæður fyrir næstu skref við losun hafta. Skynsamlegt sé að gera atlögu að aflandskrónuvandanum áður en athyglin beinist að innlendum aðilum. Nefndin varar við auknum ríkisútgjöldum.**

Sæunn Gísladóttir
saeunn@frettabladid.is

Það er jákvætt að útkoman eftir pólitískan óstöðugleika í síðustu viku hafi orðið sú að þing var ekki rofið. Þetta er mat Ashoks Bhatia, formanns sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem kynnti yfirlýsingu sendinefndarinnar á Kjarvalsstöðum í gær.

Það sé jákvætt fyrir efnahagslífið að pólitískur óstöðugleiki síðastliðinnar viku hefði ekki sett allt í stopp.

Bhatia sagði að mikil vinna væri fram undan við afnám hafta, sem hefði með löggjafarvaldið að gera. Mikið ætti eftir að samþykkja af þingmálum vegna afnámsáætlunarinnar. Hann sagðist einnig trúa að nýkjörin ríkisstjórn í haust myndi halda áætluninni áfram þannig að framfarir yrðu í málinu.

Að mati Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hefur ótvíræður árangur náðst í íslenska efnahagslífinu. Hagvöxtur hafi ekki mælst eins hár frá því fyrir bankakreppu og byggi nú á mun styrkari grunni.

„Við teljum að efnahagslegur árangur Íslands sé ótvírætt sterkur. Hagvöxtur hefur ekki verið betri síðan fyrir hrun. Fyrir hrun byggði hagvöxturinn á ósjálfbærri uppsveiflu, en byggir nú á styrkari stoðum. Þróun ferðaþjónustunnar er meðal stærri breytinga,“ sagði Bhatia.

Útlit er fyrir áframhaldandi góðan árangur í efnahagslífinu og að hagvöxtur stefni í 2,5 prósent til meðallangs tíma samkvæmt yfirlýsingu sendinefndarinnar. Öflug einkaneysla, fjárfesting og ferðaþjónusta munu halda áfram að knýja framleiðslu og atvinnusköpun. Skuldir ríkisins munu líklega koma til með að lækka verulega á komandi árum.

Óhóflegar launahækkanir munu þó líklega auka verðbólgu umfram verðbólgumarkmið Seðlabankans til skamms tíma litið. Gera má ráð fyrir auknu aðhaldi í peningastefnunni. Launahækkanir munu draga úr samkeppnishæfni. Þetta myndi ásamt lakari viðskiptakjörum valda minnkandi afgangi af viðskiptajöfnuði.

Þá telur Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn að kjöraðstæður hafi skapast fyrir ný skref í afnámi fjármagnshafta. Bhatia sagði að tilefni væri til að heimila aukna erlenda fjárfestingu lífeyrissjóða. Hann sagði þó brýnt að framkvæma frekari losun hafta með varúð. Skynsamlegt sé að gera atlögu að aflandskrónuvandanum áður en athyglin beinist að innlendum aðilum.

Bhatia sagði mestu áhættuna í efnahagslífinu vera aðra kollsteypu eftir ofþenslu eins og áður hefði þekkst. Hann sagði að krafan um aukin ríkisútgjöld væri sífellt hærri, og benti á að nú væri kosninga að vænta fyrr en búist var við. „Ef nýlega uppstokkuð ríkisstjórn eða komandi ríkisstjórnir reyna að afla sér vinsælda í gegnum aukin ríkisútgjöld myndi það bætast við ríflegar launahækkanir og kynda undir innlendri eftirspurn sem hætta er á að sé of kröftug fyrir,“ sagði hann.



Sendinefnd AGS segir átak til að leysa út aflandskrónueignir eðlilegt skref áður en stjórnvöld snúi sér að losun hafta á almenning. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**2,5%**
**hagvexti spáir AGS til meðallangs tíma.**





Almannatengsl

Andrés Jónsson
almannatengill

# Algengustu mistökin í krísum

Krísustjórnun hefur verið á allra vörum síðustu daga vegna þeirra atburða sem orðið hafa í stjórnmálunum og bað Fréttablaðið mig því um að setja örfá orð á blað um hvað beri helst að hafa í huga þegar krísur verða.

Algeng fyrstu viðbrögð fólks sem lendir í miðpunkti orðsporskrísu er afneitun. Afneitunin getur oft verið í formi aðgerðaleysis. Fólk forðast að horfast í augu við veruleikann og vonar að vandinn hverfi með því að hugsa ekki um hann. Með þessu tapast dýrmætur tími sem hefði mátt nýta til að lágmarka skaðann.

Einnig er mjög algengt að fólk bregðist við með því að skjóta sendiboðann. Þá eru fjölmiðlar eða aðrir málsaðilar sagðir stjórnast af annarlegum hvötum. Leitað er staðfestingar á þessu viðhorfi hjá skyldmennum og samstarfsmönnum sem eiga gjarnan sjálfir erfitt með að sjá hlutina skýrt.

Þá er yfirleitt nánast ómögulegt fyrir þann sem lendir í krísu að horfa á málin frá annarri hlið en sínum eigin þröngu sjónarhóli. Hann veit að hann á að biðjast velvirðingar en eigin reiði verður honum fjötur um fót. Hálfkveðnar vísur og undanbrögð hafa síðan snúið margri afsökunarbeiðninni upp í andhverfu sína.

Mjög mikilvægt í krísum er að skapa traust með því að grípa strax til aðgerða sem ganga helst lengra en það sem lögfræðingar þínir ráðleggja. Ná þannig stjórn á atburðarásinni og hindra að fram komi sífellt nýir angar sem krefjast nýrra viðbragða.

Ein algengasta réttlætingin fyrir aðgerðaleysi eða gegn því að gangast við ábyrgð er að fólk verði búið að gleyma málinu von bráðar. Þetta er alrangt. Það getur verið að almenningur gleymi smáatriðum máls en orðsporshnekkirinn er samt áfram til staðar. Gott orðspor er inneign sem hægt er að nýta þegar syrtir í álinn. Slæmt orðspor þrengir á móti rými okkar til æðis og athafna.

Margir háttsettir hafa þurft að taka poka sinn vegna mála sem hefði verið hægt að laga með réttum viðbrögðum. Við gleymum þessu fólki kannski, en eins og allir þeir sem staðið hafa í miðjum fjölmiðlastormi geta vitnað um, þá lifir sú minning með þeim eins og ör á sálinni ævilangt.

**Mjög mikilvægt í krísum er að skapa traust með því að grípa strax til aðgerða sem ganga helst lengra en það sem lögfræðingar þínir ráðleggja.**

## Vilja hætta brúnkolagreftri



Hugveitan Agora Energiewende leggur til að brúnkolanámugreftri í Nordrhein-Westfalen, stærsta ríki Þýskalands, verði hætt fyrir árið 2039. Hugveitan rannsakar orkunotkun Þjóðverja og hvernig þeim gengur að breyta orkunotkun sinni úr kjarnorku í endurnýjanlega orku. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Hagfræði stjórnmálakreppu



Lars Christensen
alþjóðahagfræðingur

Bandaríska hafnaboltahetjan Yogi Berra sagði, eins og frægt varð: „Það er eins og déjà vu enn og aftur,“ – og það var nákvæmlega þannig sem mér leið vegna hinna pólitísku atburða á Íslandi síðustu tvær vikur. Aftur og aftur hafa nánast súrrealískar yfirlýsingar frá leiðandi stjórnmálamönnum hneykslað Íslendinga og umheiminn og skilið þá tilfinningu eftir að Íslandi sé stjórnað af óhæfum fíflum. Að þessu leyti hefur þetta verið býsna líkt þeim hræðilegu vikum 2008 þegar allt íslenska bankakerfið hrundi.

En það er einn mikilvægur munur – að þessu sinni er þetta ekki fyrst og fremst saga um hagfræði og markaði, heldur um djúpstæða pólitíska kreppu sem sýnir djúpstæð, alvarleg vandamál í íslenskum stjórnmálastofnunum og -menningu.

Að því sögðu er mögulegt að þessi kreppa – að minnsta kosti þegar til skemmri tíma er litið – hafi neikvæð áhrif á íslenska hagkerfið. Í heildina getum við hugsað okkur að þetta pólitíska áfall skaði hagkerfið á tvenns konar hátt til skamms tíma.

Í fyrsta lagi getur þetta verið skellur fyrir eftirspurnarhlið hagkerfisins – ef þessi kreppa leiðir til þess að neytendur og fjárfestar verði varkárari getur það fyrst um sinn valdið minnkandi heildareftirspurn í hagkerfinu. Hins vegar þarf að hafa í huga að ef hægir á eftirspurn getur Seðlabankinn vegið upp á móti því með því að lækka vexti eða fresta fyrirhuguðum vaxtahækkunum og þess vegna myndi ég ekki hafa of miklar áhyggjur af efnahagsáhrifum eftirspurnarhliðarinnar.

**Hins vegar er meginspurningin ekki um hvað gerist í íslensku efnahagslífi á næstu 2-3 ársfjórðungum heldur hvort þessi stjórnmálakreppa setji af stað meiriháttar breytingar á hinu pólitíska landslagi á Íslandi sem gætu hugsanlega breytt efnahagslegu og pólitísku valdakerfi landsins.**

Í öðru lagi, og þetta skiptir meira máli að mínu mati, er það sem bandaríski hagfræðingurinn Robert Higgs hefur kallað „stjórnaróvissu“. Stjórnaróvissa vísar til almenns trausts til lagalegs og stofnanalegs umhverfis í hagkerfinu. Ef það er mikil óvissa um þessa innviði getur það varanlega dregið úr fjárfestingum og þar af leiðandi framleiðniaukningu í hagkerfinu.

Þar sem útlit er fyrir miklar breytingar á hinu pólitíska landslagi á Íslandi sem gætu hugsanlega leitt til aukinnar „stjórnaróvissu“. Að því sögðu tel ég að til skemmri tíma litið hafi það ekki meiriháttar áhrif á hagkerfið og þess vegna hallast ég því að segja að þjóðhagfræðileg kreppa til skamms tíma verði mjög takmörkuð.

Hins vegar er meginspurningin ekki um hvað gerist í íslensku efnahagslífi á næstu 2-3 ársfjórðungum heldur hvort þessi stjórnmálakreppa setji af stað meiriháttar breytingar á hinu pólitíska landslagi á Íslandi sem gætu hugsanlega breytt efnahagslegu og pólitísku valdakerfi landsins. Persónulega tel ég þetta mikilvægustu spurninguna þegar litið er til næstu áratugarins eða svo.

Í bili hef ég fleiri spurningar en svör, en ég vona að íslenskt samfélag komi sterkara út úr þessari kreppu.

# Forritun – áhrif á hugræna getu og færni barna



Hin hliðin

Rakel Sölvadóttirframkvæmdastjóri
Skemu

Börn í dag eru talin vera með gott tölvulæsi, þau geta spilað leiki, vafrað um á netinu og vita hvernig allt virkar en fá geta búið til sína eigin leiki eða eigin forrit. Það er eins og þau geti lesið en ekki skrifað. Eitt af því sem börn gera best er að læra tungumál og því ættu þau að vera mjög móttækileg og fljót að tileinka sér forritunarmál þar sem forritun er í raun bara samskipti milli manns og tölvu á því tungumáli sem báðir skilja. Seymor Papert talaði um að tölvur væru notaðar til að forrita börn með þeirri notkun sem tíðkast almennt í dag. Papert var einn af stofnendum forritunarmálsins Logo og einn af frumkvöðlum þess að nota forritun til að efla vitsmuni barna. Hann byggði hugmyndir sínar á kenningum Piagets og taldi að „Piagetian-lærdómur“, að læra án þess að vera kennt, væri vænlegastur til árangurs. En hvað hafa rannsóknir sýnt fram á í þessum efnum? Hvaða áhrif getur forritunarkennsla haft á hugrænan þroska og getu barna?

**Rökhugsun og verkefnaúrlausn**

Það sem gerir forritunarkennslu áhugaverða er að hún krefur nemendur um að finna lausn á vandamálum og setja hugmyndir sínar fram á skipulagðan hátt til þess að miðla þeim rétt til tölvunnar. Sýnt hefur verið fram á að með þessum hætti þjálfar forritun nemendur í rökhugsun sem hægt er að hagnýta síðar til lausnar á vandamálum sem koma upp í daglegu lífi. Einnig hafa rannsóknir sýnt fram á að forritun eflir hugræna færni til muna jafnframt því að félagsskilningur eykst sem leiðir til þess að nemendur eru líklegri til að vinna í sameiginlegum lausnum á vandamála.

**Að þekkja eigin hugsun og setja sig í spor annarra**

Sýnt hefur verið fram á að með því að forrita tölvuna til að gera það sem börnin vilja þá þurfa þau að setja sig í sporin sjálf og hugsa út í hvernig þau myndu sjálf leysa verkefnið og þá endurspegla sína eigin hugsun.

**Sköpunargáfa og tilfinningaviðbrögð**

Rannsóknir hafa sýnt fram á að forritunarkennsla hefur jákvæð áhrif á sköpunargáfu og tilfinningaviðbrögð hjá börnum með námsörðugleika ásamt því að hafa verið tengd við myndun þekkingar á afmörkuðum sviðum sem og aukið hugræna og félagslega færni.



**Fiskislóð 10**

625 m² á 2. hæð

Skrifstofuhúsnæði á vinsælu svæði nálægt höfninni. Nýr sérinngangur á austurhlið væntanlegur. Möguleiki á að innrétta eftir þörfum leigutaka.



**Dalshraun 3**

400 m² á jarðhæð, sérinngangur

Bjart og rúmgott skrifstofu- eða þjónustuhúsnæði. Reitir innrétta húsnæðið í samræmi við þarfir leigutaka.



**Hátún 2b**

365 m² á 2. hæð

Vandaðar skrifstofur með parketi og gólfsíðum gluggum. Rúmgóð rými í kjallara bjóða upp á ýmsa nýtingarmöguleika.



**Höfðabakki 9**

416 m² á 5. hæð

Skrifstofuhúsnæði á 5. hæð í þessari glæsilegu byggingu.Möguleiki á að innrétta og endurnýja eftir þörfum leigutaka.

# TIL LEIGU

Allar nánari upplýsingar, myndir og teikningar, má nálgast á **www.reitir.is** og hjá Halldóri Jenssyni sölustjóra í **840 2100** eða **halldor@reitir.is.**

Kringlan 4–12 | 103 Reykjavík | www.reitir.is | 575 9000

REITIR

*Velkomin til starfa*

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 13. apríl 2016

Íslenska úrvalsvísitalan
1.886,20+24,42
(1,31%)

vísir
www.visir.is

Viðskiptavefur Vísis
@VisirVidskipti


## 3,2%

**VÖXTUR Í ÁR**

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) hefur lækkað alþjóðlega hagvaxtarspá sína í annað sinn og spáir nú 3,2 prósenta hagvexti árið 2016. Fyrir ári spáði AGS 3,8 prósenta hagvexti á árinu.

AGS spáir jafnframt 3,5 prósenta hagvexti árið 2017.

## 23%

**FYLGJANDI LÖGLEIÐINGU KANNABIS**

Tæplega fjórðungur landsmanna, eða 23,2%, eru fylgjandi því að lögleiða neyslu kannabisefna, samkvæmt niðurstöðum könnunar MMR. 76,8% eru andvíg því. Mikill munur er á afstöðu til lögleiðingar kannabis ef litið er til aldurs, kyns og stuðnings við stjórnmálaflokka.

**Verkefnið ætti þá að vera að gera það fýsilegt fyrir þá að kjósa að geyma það hér á landi. Það verður best gert með lágum sköttum, opnu hagkerfi og föstum og fyrirsjáanlegum reglum um réttarfar. Það er eitthvað óeðlilegt við það, að fé leiti frá Íslandi til Lúxemborgar, Hollands, Bretlands og Bresku Jómfrúaeyja.“**

Hannes Hólmsteinn Gissurarson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands



## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

## H&M í túnfætinum

**Enn berast af því tíðindi** í íslenskum fjölmiðlum að sænski tískurisinn H&M hyggist opna verslanir hér á landi. Nú í DV þar sem segir að H&M ætli sér að opna tvær verslanir hér á næstu þremur árum, eina í Smáralind og aðra til á Hafnartorgi sem áætlað er að verði risið árið 2018.

**Í fréttinni** sagði að fasteignafélagið Reginn hefði á undanförnum dögum átt í viðræðum við H&M og nú væri svo komið að leigusamningar væru tilbúnir til undirritunar.

**Áhugavert** verður að fylgjast með því hvort satt reynist, en H&M veitir almennt ekki sérleyfi og því hlýtur að standa til að verslanirnar verði opnaðar á eigin reikning. Slíkt er ekki algengt hér á landi, en langflest alþjóðleg vörumerki sem hingað rata, gera það í samstarfi við heimafólk, oftast með sérleyfissamningum þar sem alþjóðlega fyrirtækið þiggur greiðslur sem nema hlutfalli af veltu. Heimafólkið sér svo um reksturinn.

**Í raun** er ekki einfalt að sjá hvað ætti að fá alþjóðlegt stórfyrirtæki til að líta hingað til lands eftir vexti. Við vitum öll að Ísland er í raun örmarkaður á alþjóðlega vísu og því ekki eftir miklu að slægjast í alþjóðlegu samhengi. Hvað þá fyrir keðju á borð við H&M sem árið 2015 velti ríflega 22 milljörðum Bandaríkjadala og skilaði réttum fjórum milljörðum dala í EBIDTA hagnað. Það eru ríflega 500 milljarðar íslenskra króna!

**Vandséð** er að tvær verslanir á Íslandi komi til með að bæta verulega við þessar afkomutölur. Við það bætist svo að töluverður höfuðverkur getur verið að fylgjast með starfseminni í fjarlægu landi. Í þeim efnum skiptir ekki öllu máli hvort verslanirnar eru tvær eða tvö hundruð.

**Þessu til viðbótar** benda kannanir til þess að H&M sé nú þegar með allt að 30 prósenta hlutdeild á íslenskum fatamarkaði og það án þess að starfrækja hér verslun. Íslendingar eru nú þegar traustir viðskiptavinir H&M, þótt þeir geti einungis nálgast varninginn á ferðum sínum.

**Spurningin** er því hvort H&M h telji raunhæft að hækka þetta hlutfall, og réttlætanlegt að taka á sig þann kostnað og þá fyrirhöfn sem fylgir því að setja upp verslanir.

**Augljóslega** samkvæmt fréttinni, og ef svo er mun stjórnarmaðurinn láta af öllum bölsýnisspám enda byggir fólk ekki upp 22 milljarða dala fyrirtæki án þess að vita hvað það er að gera!









# Sýnir í Reykjavík í fyrsta skiptið í langan tíma

**Sjøfn Har opnaði sýninguna Litir og form um helgina í Gallerí Vest. Í sumar ætlar hún að leggja land undir fót ásamt smáhundinum sínum, Mola Har, og safna teikningum og skissum í sarpinn. Á sýningunni eru bæði ný og gömul verk frá seinustu árum.**

Myndlistarkonan Sjøfn Har opnaði um helgina sína fyrstu sýningu í Reykjavík í átta ár. Sýningin er í Gallerí Vest á Hagamel 67 en það er tiltölulega nýtt gallerí sem Sjøfn heillaðist mikið af. „Eigendur gallerísins, þau Þórey Eyþórs, sálfræðingur og veflistakona, og Kristján Baldursson tæknifræðingur, buðu mér að opna sýningu þarna en Þórey rak áður gallerí í Gilinu á Akureyri. Í húsnæðinu var áður bakarí en þetta hefur aðeins verið starfrækt sem gallerí í rúmt ár. Þrátt fyrir að þetta sé óþekktur staður þá var margt sem heillaði mig. Þetta er hlýlega hrátt pláss en samt sem áður ákveðinn sjarmi sem ég féll alveg fyrir,“ segir Sjøfn en á þessari sýningu er hún aðallega með verk í stærri kantinum.

Opnunin á sýningunni gekk eins og í sögu en kynningin á henni fór einungis fram á netinu. „Þar sem þetta er heldur nýtt og óþekkt gallerí þá kom það ekki að sök þar sem það mættu hátt á annað hundrað manns á opnunina og það var rosaleg stemning.“

Til sýnis eru bæði gömul og ný verk frá seinustu árum. „Sýningin heitir Litir og form en gæti allt eins heitið Landið í lit. Maður er búinn að vera að mála Ísland í mörg ár í sterkum litum. Í sumar mun ég svo leggja land undir fót og ferðast um landið eins og ég geri alltaf og vitaskuld verður Moli, en það er smáhundurinn minn, með í ferðinni að venju. Þar safna ég í sarpinn með því að mynda, skissa og upplifa.“ **gunnhildur@frettabladid.is**



Sjøfn Har og Moli Har eru alsæl með sýninguna í Gallerí Vest. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Við vorum ekki með nein boðskort enda hefði það verið algjör óþarfi. Ég hef aldrei notað þessa aðferð áður, að nota bara netmiðlana.**

---



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Svandís Anna Jónsdóttir**

Hofgörðum 19, Seltjarnarnesi,

andaðist á Landspítalanum þann 11. apríl. Útförin verður gerð frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 20. apríl kl. 15. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á minningarsjóð Karítas.

**Birgir Vigfússon**
**Ásta Margrét Birgisdóttir** **Örn Viðar Skúlason**
**Vigfús Birgisson** **María Ólafsdóttir**
**Birgir Jón Birgisson** **Gréta María Bergsdóttir**
**Linda Birgisdóttir** **Jón Vídalín Halldórsson**
**börn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**Sturlu Þórðarsonar**

Sunnubraut 19, Búðardal.

sem lést hinn 11. mars síðastliðinn.

**Þrúður Kristjánsdóttir**
**Kristján Sturluson** **Sigrún M. Arnarsdóttir**
**Steinunn Sturludóttir** **Sveinn Ólafsson**
**Friðrik G. Sturluson** **Silja Rún Gunnlaugsdóttir**
**Hanna Dóra Sturludóttir** **Lothar Odinius**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



✝

Elskuleg eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ástríður Friðsteinsdóttir**

lést 7. apríl á Landspítalanum við Hringbraut. Hún verður jarðsungin frá Landakirkju í Vestmannaeyjum laugardaginn 23. apríl kl. 14.00.

**Hávarður Birgir Sigurðsson**
**Þórdís Guðmundsdóttir** **Jóhannes Bjarnason**
**Björn Ásgeir Guðmundsson** **Ragnheiður Ingunn Ágústsdóttir**
**Örn Guðmundsson**
**Guðjón Guðmundsson** **Idalirys Cuesta Rodriguez**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Margrétar Ingólfsdóttur**

sem lést á líknardeild Landspítalans 19. mars sl. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki líknardeildar Landspítalans.

**Lilja Björk Hjálmarsdóttir** **Hagbarður Ólafsson**
**Hildur Jóhannesdóttir** **Björn Mikkaelsson**
**Jóhanna M. Jóhannesdóttir** **Jón Óskar Jónsson**
**ömmubörn og langömmubörn.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Margrét Hallgrímsdóttir**

frá Dynjanda í Jökulfjörðum, lengst af búsett á Þverá í Ólafsfirði,

lést á Landspítalanum laugardaginn 9. apríl. Jarðarför fer fram í Fossvogskirkju föstudaginn 15. apríl kl. 15.00. Blóm og kransar afþökkuð en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Blindrafélagið.

**Kristín Halla Marinósdóttir** **Stefán Marinósson**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðlaug Kristbjörnsdóttir**

Skúlagötu 20, Reykjavík,

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Skjóli, 6. apríl 2016. Útförin fer fram frá Áskirkju mánudaginn 18. apríl kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarstofnanir.

**Valgerður Kristbjörg Jónsdóttir** **Sigurjón Karlsson**
**Margrét Jóna Jónsdóttir** **Ingi Þór Þorgrímsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Yndislega mamma okkar,

**Erla Kristjánsdóttir**

Grundargili, Reykjadal, S-Þing.,

lést á dvalarheimilinu Hlíð, fimmtudaginn 7. apríl. Jarðarförin fer fram frá Einarsstaðakirkju laugardaginn 16. apríl kl. 14.00.

**Ingólfur Ingólfsson**
**Óskar Óli Jónsson** **Erla Sigurðardóttir**
**Kristján Jónsson** **BingCui Qi**
**Lilja Sigríður Jónsdóttir** **Gísli Sverrisson**
**Guðný Jónsdóttir** **Kári Ragnarsson**
**og aðrir aðstandendur.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Ingunn Eyjólfsdóttir**

lést á Hrafnistu föstudaginn 8. apríl síðastliðinn.

**Aðstandendur.**

---



✝

Ástkær móðir okkar,

**Guðrún Emilsdóttir**

**(Rúna),**

Stapavöllum 14, Reykjanesbæ,

lést þann 4. apríl. Útför hennar fer fram frá Keflavíkurkirkju 14. apríl kl. 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**börn hinnar látnu.**

---



✝

Hjartkær móðir, dóttir, systir og mágkona,

**Kristín Höskuldsdóttir**

Dalalandi 2,

sem lést fimmtudaginn 7. apríl á Landspítalanum, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju föstudaginn 15. apríl kl. 13. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Höskuldur Pétur Halldórsson**
**Hólmfríður Rósa Halldórsdóttir**
**Hólmfríður J. Hannesdóttir** **Höskuldur A. Sigurgeirsson**
**Hannes Höskuldsson** **Elfa Signý Jónsdóttir**
**Páll A. Höskuldsson** **Jóhanna Hansen**
**Anna Helga Höskuldsdóttir** **Halldór Páll Gíslason**
**Sigurgeir Höskuldsson** **Kristjana R. Magnúsdóttir**

---





**Ísleifur Jónsson** Útfararstjóri Farsími 821 5353
**Steinunn Magnúsdóttir** Útfararþjónusta Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**

*Við andlát ástvinar Nærgætni, hlýja og virðing*
**Áratuga reynsla við útfararþjónustu**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.


– STÓRTÓNLEIKAR –
Bryan Ferry
16.05.16
– LEIKUR ÖLL SÍN BESTU LÖG FRÁ EIGIN FERLI OG ROXY MUSIC –
Harpa, Eldborg
HARPA.IS
BRYANFERRY.COM
TIX.IS
GAMMA | KEXLAND

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Miðvikudagur




Í dag er gert ráð fyrir suðvestanátt, víða 3-8, en 8-15 norðvestantil á landinu. Léttskýjað á Norðaustur- og Austurlandi, annars skýjað og þurrt að kalla, þó gæti gert einhverja dropa í kvöld. Hiti 4 til 10 stig að deginum.

### Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 6° | 0° | -1° |
| ↙7 | ↙7 | ↓8 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -1° | 7° | -2° |
| ↓12 | ↙4 | ↙8 |

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 3° | 1° | -3° |
| →1 | ↗12 | ↑2 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -3° | 0° | -4° |
| ↘11 | ↓12 | ↓2 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. lampi
6. tímabil
8. sægur
9. hluti kynfæra
11. eyrir
12. rabb
14. kvk.nafn
16. tveir eins
17. aðstoð
18. eyrir
20. Átt
21. könnun

**LÓÐRÉTT**
1. loga
3. kringum
4. örvandi efni
5. viður
7. starfrækslа
10. æxlunarkorn
13. einkar
15. þitt
16. skaði
19. kyrrð

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT:** 2. lukt, 6. ár, 8. mor, 9. leg, 11. fé, 12. skraf, 14. sóley, 16. tt, 17. lið, 18. aur, 20. na, 21. próf. **LÓÐRÉTT:** 1. báls, 3. um, 4. koffein, 5. tré, 7. rekstur, 10. gró, 13. all, 15. yðar, 16. tap, 19. ró.

### Skák Gunnar Björnsson

Tolhurst átti leik gegn Edge í Cotswold árið 1989. **1...Hg3#!** Hvítur gaf en hann á ekkert gott svar við **2...Bh3.**
**www.skak.is:** Nýjar skákfréttir alla daga.

Svartur á leik



## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | | 1 | 6 | 3 | |
| | 2 | 1 | | | 5 | 4 | | |
| 3 | 8 | 9 | 2 | | | 1 | | |
| 9 | | | | | 7 | | | 5 |
| | 6 | | | | | 7 | 4 | |
| | 5 | | 3 | 6 | | 8 | 1 | |
| 8 | 7 | | 6 | | | | 2 | |
| 2 | | | | | 3 | | | 4 |
| | 1 | | | | 9 | | 7 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | 4 | 2 | | | | 6 |
| | | | 5 | 1 | | 3 | | |
| 1 | 3 | | | 7 | 9 | 2 | | |
| 5 | 2 | | | | 1 | | | |
| 3 | | | 8 | | | 1 | | 7 |
| | | 1 | | | 4 | | 3 | |
| | | 3 | 9 | | | | | |
| 7 | | | | | 5 | 6 | | |
| | | | | | 2 | | 5 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 3 | 6 | | | |
| | 8 | 3 | | 9 | | | 2 | 7 |
| | 5 | | 7 | | | 1 | 9 | |
| 6 | | | | | | 4 | | 2 |
| | 9 | | | 5 | | | | |
| 3 | | | | | | 8 | | |
| | | | 9 | | | | | |
| | | | 8 | | 1 | 9 | 6 | |
| 8 | 1 | | | 6 | | | 7 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku →

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 5 | 6 | 1 | 4 | 7 | 2 | 3 | 8 |
| 7 | 1 | 3 | 8 | 2 | 5 | 6 | 9 | 4 |
| 8 | 4 | 2 | 9 | 3 | 6 | 7 | 5 | 1 |
| 4 | 6 | 9 | 5 | 7 | 2 | 8 | 1 | 3 |
| 5 | 7 | 8 | 3 | 6 | 1 | 9 | 4 | 2 |
| 2 | 3 | 1 | 4 | 8 | 9 | 5 | 6 | 7 |
| 6 | 8 | 5 | 2 | 1 | 4 | 3 | 7 | 9 |
| 1 | 2 | 7 | 6 | 9 | 3 | 4 | 8 | 5 |
| 3 | 9 | 4 | 7 | 5 | 8 | 1 | 2 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 1 | 2 | 3 | 4 | 6 | 8 | 9 | 7 |
| 6 | 3 | 8 | 5 | 7 | 9 | 1 | 4 | 2 |
| 7 | 4 | 9 | 8 | 1 | 2 | 3 | 5 | 6 |
| 4 | 2 | 7 | 9 | 3 | 1 | 5 | 6 | 8 |
| 8 | 5 | 3 | 2 | 6 | 4 | 7 | 1 | 9 |
| 9 | 6 | 1 | 7 | 5 | 8 | 4 | 2 | 3 |
| 1 | 7 | 6 | 4 | 2 | 3 | 9 | 8 | 5 |
| 2 | 8 | 5 | 1 | 9 | 7 | 6 | 3 | 4 |
| 3 | 9 | 4 | 6 | 8 | 5 | 2 | 7 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 1 | 2 | 3 | 8 | 4 | 7 | 9 | 5 |
| 9 | 3 | 4 | 7 | 1 | 5 | 8 | 2 | 6 |
| 5 | 7 | 8 | 9 | 6 | 2 | 1 | 3 | 4 |
| 2 | 5 | 3 | 8 | 7 | 6 | 9 | 4 | 1 |
| 7 | 4 | 6 | 2 | 9 | 1 | 3 | 5 | 8 |
| 1 | 8 | 9 | 4 | 5 | 3 | 6 | 7 | 2 |
| 8 | 9 | 5 | 1 | 2 | 7 | 4 | 6 | 3 |
| 4 | 6 | 1 | 5 | 3 | 9 | 2 | 8 | 7 |
| 3 | 2 | 7 | 6 | 4 | 8 | 5 | 1 | 9 |






## Myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Øverli




### GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# SÚ KEMUR TÍÐ



## Ráðstefna um upplýsingatækni og fjármálaþjónustu framtíðarinnar

**MIÐVIKUDAGINN 4. MAÍ KL. 11:50 - 17:00 Í HÖRPU**

Hvernig mun upplýsingatækni og fjármálaþjónusta þróast á næstu árum?
Á ráðstefnunni verður leitast við að svara þeirri spurningu með umfjöllun um Big Data, framtíðina í stafrænni bankastarfsemi (Digital Banking), ferilstjórnun (BPM), Internet of Me, Hackathon, umbreytingarverkefni, samnýtingu í upplýsingatækni o.fl.

---

## Fyrirlesarar ráðstefnunnar eru:



**Höskuldur H. Ólafsson**
Bankastjóri
Arion banka



**Sigrún Ragna Ólafsdóttir**
Forstjóri VÍS



**Julian Ranger**
Chairman/Founder
digi.me



**Þórhildur Jetzek**
Ph.D. Researcher
& data storyteller
– big data value creation



**Ýmir Vigfússon**
Ph.D. Lektor í
tölvunarfræði við
Emory University og
Háskólann í Reykjavík



**Bjarni Sv. Guðmundsson**
Verkefnastjóri
hjá Hugviti



**Friðrik Þór Snorrason**
Forstjóri RB



**Aðalgeir Þorgrímsson**
Forstöðumaður
Vörustýringar hjá RB



**Svava Garðarsdóttir**
Hugbúnaðar-
sérfræðingur RB



Ráðstefnustjóri er
**Heiðrún Jónsdóttir**
stjórnarmaður í RB



### BIG DATA AND FINANCIAL SERVICES

Aðalfyrirlesari er Harper Reed, frumkvöðull og sérfræðingur í samþættingu tækni og upplýsinga (Big Data).
Hann starfaði sem tæknistjóri fyrir árangursríka kosningaherferð Barack Obama árið 2012 og seldi nýlega fyrirtækið sitt, Modest, til PayPal.

---

**Skráning og nánari upplýsingar á www.rb.is**

**REIKNISTOFA BANKANNA** | Höfðatorg | Katrínartúni 2 | 105 Reykjavík | Sími: 569 8877 | www.rb.is

# Friðsamleg mótmæli eru ótrúlega mikilvæg

**Hugskot er ný handbók eftir Gunnar Hersvein og Friðbjörgu Ingimarsdóttur þar sem hvatt er til gagnrýnnar hugsunar og ábyrgrar þátttöku í umræðunni um samfélagsmál sem brenna á mörgum þessa dagana.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Hugskot, skamm,- fram- og víðsýni nefnist ný handbók fyrir alla sem vilja taka þátt í baráttunni fyrir betra samfélagi. Höfundar eru þau Gunnar Hersveinn og Friðbjörg Ingimarsdóttir og markmið þeirra með verkinu er einkum að efla kunnáttu og færni lesenda í að skyggnast inn í eigið hugskot, beita gagnrýnni hugsun og að greina ímyndir, fordóma, texta og skilaboð í samfélaginu.

### Fjarlægðin skerpir

Friðbjörg segir að þau Gunnar hafi bæði mikinn áhuga á þessu efni en hvað hana varði þá hafi sitthvað á starfsferlinum einkum verið kveikjan að bókinni. „Ég var búin að starfa bæði sem kennsluráðgjafi með nýbúamál og fjölmenningarmál fyrir Reykjavíkurborg og grunnskóla, auk þess að hafa fengist við kennslu í Danmörku. Þessi reynsla vakti alls konar spurningar. Spurningar varðandi allar þær hindranir sem maður glímir við þegar maður er nýr í landi eða að taka á móti fólki sem kemur utan frá og mér fannst vera mjög lærdómsríkt ferli. Í mínu starfi lærði ég líka mikið um hvað íslenskt samfélag var einsleitt og staðnað og kynntist því líka allhressilega hvernig fordómar og staðalímyndir virka og hversu mannfjandsamlegir þeir geta verið og hamlandi. En um leið varð mér ljóst hversu elskulegir og opnir margir landar okkar eru. En svo má ekki gleyma að innflytjendur hafa fordóma rétt eins og við. Það hafði líka ótrúlega sterk áhrif á mig að vera utan Íslands og að vera í Danmörku að aðstoða innflytjendur. Fjarlægðin og þessi reynsla skerpti mjög sýn mína á Ísland og hvað við stöndum fyrir.

### Lykill að framförum

Við Gunnar höfum líka bæði mikinn áhuga á mannréttindum almennt og hvernig maður byggir sig upp sem gagnrýninn borgari sem er heilmikið lærdómsferli fyrir hvert samfélag. Mér fannst á þeim tíma sem ég var í Danmörku að umræðan heima væri svona tíu árum á eftir en það finnst mér hafa breyst mikið. Ég þakka það ekki síst samfélagsmiðlunum sem hafa átt mikinn þátt í því að breyta hvernig fólk hugsar. Fólk verður gagnrýnna og áræðnara að taka þátt í umræðunni. Hinn gagnrýni borgari er þannig ekki aðeins sá sem sparkar í girðingar heldur sá sem er heiðarlegur borgari sem lætur sig málin varða og tekur afstöðu og veitir aðhald. Við verðum að hugsa um mikilvægi þess að þingmenn vinni í þágu almannahagsmuna en ekki sérhagsmuna.

Hrunið hafði til að mynda gríðarlega mikil áhrif í þessum efnum og það sem við stöndum frammi fyrir í dag felur einnig í sér stór tækifæri fyrir okkur sem samfélag. Margir koma fram á völlinn og taka þátt í samræðunni og það er í gegnum samræðuna sem við þroskumst. Þessi tími er því sérlega áhugaverður og ég er stolt af þjóðinni sem hefur vaknað upp og er að hugsa málið. Það hefur enginn einn rétt á sannleikanum en málið er að við hugsum og eigum í opinni og gagnrýninni umræðu. Þar liggur lykillinn að framförum.



Friðbjörg Ingimarsdóttir annar höfunda að handbókinni Hugskot.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**ÞESSI TÍMI ER ÞVÍ SÉRLEGA ÁHUGAVERÐUR OG ÉG ER STOLT AF ÞJÓÐINNI SEM HEFUR VAKNAÐ UPP OG ER AÐ HUGSA MÁLIÐ.**

### Mótum samfélagið

Friðsamleg mótmæli á Austurvelli eru ótrúlega mikilvæg vegna þess að með því erum við að segja við þá sem ráða, hvort sem þeir eru til hægri eða vinstri, að við ætlum að fylgjast vel með. Við viljum hafa áhrif. En mér finnst friðsamleg mótmæli líka felast í því að skrifa góðar greinar, koma fram nýjum vinklum, rekja upplýsingar og draga þær fram í dagsljósið. Ekki öðru fólki til háðungar heldur til þess að við getum lært af því. Eitt það sorglegasta og versta sem við gerum er þegar við erum farin að nota gagnrýnina til háðungar og að tala niður til fólks. Það er ekki vænlegt til framfara fyrir samfélagið og eitthvað sem við eigum að varast. Málið er að menning mótar og er mótuð, rétt eins og samfélagið og samfélagið ætti að vera í mun meiri mæli mótað af okkur, upplýstum almenningi, gagnrýnum en uppbyggilegum borgurum."







# Ljúfsár en langur gleðiharmleikur

**LEIKHÚS**

**Góði dátinn Svejk og Hasek vinur hans**

★★★☆☆

**Karl Ágúst Úlfsson**

**Leikstjóri:** Ágústa Skúladóttir
**Leikarar:** Hannes Óli Ágústsson, Karl Ágúst Úlfsson, Þórunn Lárusdóttir, Eyvindur Karlsson, Lárus Vilhjálmsson
**Leikmynd og búningar:** Guðrún Öyahals
**Tónlist:** Eyvindur Karlsson
**Lýsing:** Hermann Björnsson
**Hljóð:** Guðjón Guðjónsson
Leikrit byggt á Góði dátinn Svejk eftir Jaroslav Hasek og The Bad Bohemian eftir Cecil Parrott

Síðastliðin sunnudag frumsýndi Gaflaraleikhúsið í Hafnarfirði verk um síðustu ár Jaroslavs Hasek og hans undraverða sköpunarverk, góða dátann Svejk.

Höfundarverk Haseks lifir enn þá góðu lífi en skáldsagan er auðvitað í miklu uppáhaldi hjá þjóðinni. Textinn er tímalaus og umbúðalausu skotin á allar þær birtingamyndir sem yfirvaldið tekur sér vekja enn þá upp kjánahroll og hlátur. Þetta kostulega ófremdarástand kannast Íslendingar við. Karl Ágúst Úlfsson skrifar leikhandritið og tekur þá djörfu ákvörðun að setja Hasek sjálfan inn sýninguna, í eins konar hliðarverki við sögu Svejks.

Hannes Óli Ágústsson fær það flókna verkefni að leika hinn umkomulausa, vitgranna og orðmarga Josef Svejk. Samkvæmt nefnd herlækna er Svejk opinber vanviti; of heimskur til að sinna herstörfum, of takmarkaður til að vera fangelsaður en ekki nægilega geðveikur til að dvelja á geðsjúkrahúsi. Hannes Óli kemur þessum einfalda manni vel til skila án þess að týna hans mannlegu brestum, sakleysið uppmálað og skilningsleysið algjört.

Karl Ágúst leikur Hasek sem barðist við áfengissýki og fjármálaóreiðu síðustu ár lífs síns en söguna um Svejk kláraði hann ekki því hann dó fyrir aldur fram. Í leik Karls Ágústs virkar Hasek meira eins og sögumaður frekar en heilsteæð persóna, kómíkin verður dramatíkinni yfirsterkari og erfitt er að tengjast honum tilfinningaböndum.

Þórunn Lárusdóttir leikur fjölmörg hlutverk en hið stærsta er eiginkona Haseks, hin rússneska Shura. Þórunn er fjölhæf leikkona sem getur brugðið sér í allra kvikinda líki. Hún blómstrar í kómísku senunum en henni fipast í þeim dramatísku, kannski vegna þess að handritið gefur aldrei til kynna af hverju Shura styður Hasek svona innilega. Einnig má setja spurningamerki við rússneska hreiminn hennar. Í stað þess að undirstrika hversu utanveltu hún var í Tékklandi þá minnir hún á karakter úr 'Allo 'Allo! eða Allt í hers höndum eins og það var þýtt hér um árið.

Fjórði meðlimur leikarahópsins er Eyvindur Karlsson sem einnig sér um tónlistina. Líkt og Þórunn bregður hann sér í fjölmörg smærri hlutverk en er eftirminnilegastur sem Lúkás höfuðsmaður. Gítarhljómar, píanótónar og blásturshljóðfæri byggja hljóðheiminn, lögin eru ljúf en hefðu mátt vera fjölbreyttari.

Ágústa Skúladóttir leikstýrir þessari lágstemmdu sýningu ágætlega en kómísku snerpuna og hraðann vantar. Hluta ábyrgðarinnar má varpa á handritið sem er hreinlega of langt. Hliðarsaga Haseks er áhugaverð og færir mannlega harmleikinn inn í sýninguna en skortir drifkraft og söngatriðin snarstöðva alla framvindu. Karl Ágúst er snjall textahöfundur, en spyrja má hvort söngloglögunum sé hreinlega ofaukið í sýningunni. Fjórði veggurinn er brotinn með reglulegu millibili, stundum hnyttilega en þó ekki með nægilega markvissum hætt.

